

# TÍUNN

FRÉTTABLAÐ RSK APRÍL 2005

**SKÝRSLA UM UMFANG  
SKATTSVIKA**

**SKATTA- OG  
TOLLASAFNIÐ Í  
ROTTERDAM**

**ALPJÓÐARHÚS**

**FÖST ATVINNUSTÖÐ**

## Þjónusta og aðhald

Hlutverk skattyfirvalda er margþætt og verkefni þeirra margvísleg. Í stefnuriti embættis ríkisskattstjóra, sem tekið var saman í lok síðasta árs á grundvelli stefnumótunar sem unnið hefur verið að og árangursstjórnunarsamnings við fjármálaráðuneytið eru markmið með starfsemi embættisins skilgreind. Meðal sex meginmarkmiða þess eru góð þjónusta við borgarana og öflugt og markvisst skatteftirlit.


Þessi markmið eru ekki auðsótt nema með samstilltu átaki allra starfsmanna skattkerfisins og góðu samstarfi við borgara og stofnanir. Við gerð skattframtala hefur reynt á þetta samstarf. Skattyfirvöld hafa á síðustu árum lagt mikla áherslu á að bæta þjónustu við skattborgarana og hafa notið þess í miklum mæli í bættum skattskilum, jákvæðara viðhorfi og hagkvæmari skattframkvæmd.

Stór liður í bættri þjónustu er forskráning fjárhagsupplýsinga á framtöl einstaklinga. Frá því að hafist var handa við forskráningu fyrir 5 árum hefur hún verið aukin frá ári til árs. Nú eru  $\frac{3}{4}$  hlutar allra fjárhæða forskráðir á framtölin. Markmið RSK er að forskráðar verði allar þær upplýsingar sem máli skipta og unnt er að fá úr miðlægum gagnagrunnum eða frá aðilum í viðskiptalífínu. Slíkt tíðkast nú þegar á Norðurlöndunum og víðar um lönd. Með því væri unnt að léttu framtalsgerð umtalsvert meira en þegar er gert.

Prándur í Götu bættrar þjónustu að þessu leyti er afstaða íslenskra banka og fjármálastofnana. Langstærsti hluti þess, sem vantar á framtölin, eru upplýsingar sem þessar stofnanir vilja ekki láta af hendi. Fjöldi framteljenda lýsir á ári hverju ánægju sinni með þjónustu skattyfirvalda og forskráningu upplýsinga en jafnframt óánægju með að hún skuli ekki ná til upplýsinga frá bönkum og fjármálastofnunum, sem veiti góða þjónustu á ýmsum sviðum. Hér er eingöngu um að ræða upplýsingar sem framteljendum ber að gera grein fyrir á framtali sínu. Því er svokölluð bankaleynd ekki málefnaleg rök fyrir þessari afstöðu bankanna og þykir ekki til fyrirstöðu í öðrum löndum.

Viðleitni til að auka hlýðni við skattareglur byggist í vaxandi mæli á því að veita þeim mikla meirihluta skattborgara, sem vill fylgja settum reglum, góða þjónustu, leiðbeina þeim, sem á aðstoð þurfa að halda en beina skatteftirliti og skattrannsóknnum að þeim sem reyna að hafa rangt við. Á þeim vettvangi skiptir upplýsingaöflun frá þriðja aðila og úrvinnsla úr þeim sköpum. Skattyfirvöld fá nú greiðlega upplýsingar um laun manna, lífeyri, bætur, fasteignir, bifreiðaeign, verktakagreiðslur, skuldir við Íbúðalánasjóð, LÍN o.fl. Upplýsingar um fjarmagnstekjur og peningalegar eignir fást hins vegar ekki.

Skilvirkt skatteftirlit byggist fyrst og fremst á því að til staðar séu upplýsingar frá atvinnulífínu og öðrum um það sem máli skiptir við skattlagningu. Á þeim grundvallast sjálfvirk álagningar skoðun, áhættugreining og gerð eftirlitsáætlana. Án þeirra verður skatteftirlit ómarkvisst og tilviljanakennt. Tregða banka og fjármálastofnana til að veita upplýsingar er þannig einnig Prándur í Götu skilvirks skatteftirlits og jafnræðis í skattlagningu og gagnast eingöngu þeim viðskiptavinum þeirra sem vilja hafa rangt við.



# Efnisyfirlit

2

## Leiðari

Indriði H. Þorláksson

5

## Skýrsla um umfang skattsvika

Indriði H. Þorláksson

10

## Forskráning upplýsinga og skatteftirlit

Jóhannes Hraunfjörð Karlsson

12

## Alþjóðahús

Viðtal við Margréti Steinarsdóttur lögfræðing

14

## Molar

15

## Fjölmenningarsetur á Ísafirði

Guðrún Björg Bragadóttir

16

## Föst atvinnustöð

Elín Árnadóttir

20

## Skatta- og tollasafnið í Rotterdam

Jóhannes Hraunfjörð Karlsson

23

## Molar

23

## Upplýsingatafla

24

## Fjöldi framteljenda í einstökum skattumdæmum 1991 til 2004

Páll Kolbeins

26

## Horft fram á veginn Stefna ríkisskattstjóra til næstu ára

Jón H. Steingrímsson

28

## Af vettvangi skattaréttar

Bjarni Amby Lárusson

30

## Skattlagning erlendis

Guðrún Ásta Sigurðardóttir

## Skýrsla um umfang skattsvika



Indriði H. Þorláksson flutti erindi á skattadegi Félags löggiltra endurskoðenda sem haldinn var 14. janúar sl. og þar fjallaði hann um skýrslu um umfang skattsvika sem lögð var fyrir Alþingi fyrir síðustu jól. Skýrslan er um margt athyglisverð og er erindi Indriða birt á bls. 5.

## Skatta- og tollasafnið í Rotterdam

Jóhannes Hraunfjörð Karlsson sagnfræðingur hefur á síðustu árum reglulega skrifað fróðlegar greinar í blaðið sem tengjast skattasögunni vítt og breitt. Í þessu blaði skrifar hann um Skatta- og tollasafnið í Rotterdam sem hann heimsótti síðasta sumar. Einstaklega skemmtileg og fróðleg grein, sjá bls. 20.



## Alþjóðahús



Margrét Steinarsdóttir lögfræðingur sem starfaði um árabíl hjá ríkisskattstjóra starfar nú í Alþjóðahúsi þar sem hún tekur á móti útlendingum og greiðir götu þeirra. Það koma margs konar mál upp á borð hjá stofnun eins og Alþjóðahúsi og í blaðinu er viðtal við Margréti þar sem hún segir frá starfi sínu og starfsemi Alþjóðahússins. Viðtalið er á bls. 12.

## Föst atvinnustöð

Stöðugt fjölgar þeim ríkjum sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning við. Við gerð slíkra samninga er skilgreining á hugtakinu föst starfsstöð grundvallaratriði. Í grein Elínar Árnadóttur lögfræðings hjá Price-waterhouseCoopers gerir hún þetta efni að umfjöllunarefni. Grein Elínar er á bls. 16.



## TÍUND

RÍKISSKATTSTJÓRI · LAUGAVEGI 166 · 150 REYKJAVÍK  
SÍMI: 563 1100 · FAX: 562 4440 · [rsk@rsk.is](mailto:rsk@rsk.is) · VEFFANG [www.rsk.is](http://www.rsk.is)

FRÉTTABLAÐ RSK · 1. TÖLUBLAÐ · 19. ÁRGANGUR · PRENTAÐ Í 1700 EINTÖKUM

ÚTGEFANDI: RSK

ÁBYRGÐARMAÐUR: INDRÍÐI H. ÞORLÁKSSON

RITSTJÓRI: HREFNA EINARSDÓTTIR

PRÓFÖRK: INGIBJÖRG ERLENDSDÓTTIR

LJÓSMYNDIR: HREFNA EINARSDÓTTIR O.F.L.

HÖNNUN OG UMBROT: ANNA P. GUÐMUNDSDÓTTIR

PRENTUN: PRENTSMÍÐJAN VIÐEY

FJÖLMIÐLUM ER HEIMILT AÐ NOTA EFNI BLAÐSINS, SÉ HEIMILDAR GETIÐ

**rsk.is**

HEFUR ÞÚ KYNNT ÞÉR

# VEFSKIL

Á **rsk.is** er boðið upp á rafræn skil á **virðisaukaskatti** og **staðgreiðslu**.  
Á vefnum getur þú skilað, greitt og fengið yfirlit á einfaldan og öruggan hátt.

Hægt er að skila staðgreiðslu beint úr helstu launakerfum  
og virðisaukaskatti beint úr vefbanka Íslandsbanka.

## ÞINN ÁVINNINGUR ER

... engar biðraðir ... engin tímapressa ... minni pappír ... auðvelt að greiða  
... auðvelt að muna ... einfaldar bókhaldið ... einföld skil

## KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ

Allar nánari upplýsingar má fá á [www.rsk.is/einfalt](http://www.rsk.is/einfalt)  
Þar er einnig að finna upplýsingar um símaaðstoð.

Þú getur líka hringt í **grænt númer, 800-6311**.

**RAFRÆN SKIL - EINFÖLD SKIL**

# Skýrsla um umfang skattsvíka



**Erindi Indriða H. Þorlákssonar  
á skattadegi Félags löggiltra endurskoðenda**

**Skattadagur Félags löggiltra endurskoðenda var haldinn á Hótel Reykjavík þann 14. janúar sl. Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri flutti erindi á þessum fundi og var umfjöllunarefnið að þessu sinni skýrsla um skattsvík sem birt var í lok síðasta árs. Erindi Indriða fer hér á eftir:**

Fyrir rúmum mánuði var lögð fram á Alþingi skýrsla starfshóps um skattsvík. Þegar eftir því var leitað að ég tæki hér til máls var það ákveðið af mér og formanni FLE að ég gerði hana að umtals-efni. Má það vera í nokkurs konar framhaldi af skattadegi síðasta árs er ég ræddi um þróun skatteftirlits á síðustu áratugum. Áður en ég vík að skýrslunni langar mig að setja hana og efni hennar í samhengi við skattamál í víðari skilningi en umræða um skattsvík vill gjarnan festast í.

Einn þeirra sem mótað hefur réttarfær - ekki hvað síst í skattamálum - í Ameríku var maður að nafni Oliver Wendell Holmes. Hann var fæddur fyrir miðja næst síðustu öld. Faðir hans og alnafni, sem var jafnaldri Lincoln, var þekkt skáld og rithöfundur í Ameríku á 19. öld. Oliver Wendell Holmes júnior var hins vegar lögfræðingur og varð síðar dómari við Hæstarétt Bandaríkjanna þar sem hann sat í 3 áratugi. Hann lést 1935.

Í rökstuðningi með dómsorði einhverju sinni setti hann fram skilgrein-

ingu á sköttum sem fræg hefur orðið og margir hafa dálæti á fyrir sakir einfaldleika hennar og hversu vel hún hittir kjarna málsins. Þessi skilgreining er laus við allar flóknar útlistanir á skattstofnum og skatthlutföllum, skattandlagi og skattskyldu. Hún lýsir einföldum veruleika í fáum, hnitmiðuðum orðum. - Skattar eru verðið fyrir síðað samfélag. - Svo mörg voru þau orð og þau þarf ekki að útlista mikið.

Þessi skilgreining á sköttum felur það í sér að skattar eru endurgjald fyrir hluta af þeim lífsgæðum, sem borgarar í síðuðu samfélagi njóta. Þeir eru það verð, sem greiða þarf fyrir að búa í ríki þar sem mannréttindi eru virt, jafnrétti er í hávegum haft og afkomuöryggi er tryggt. Þeir eru gjald fyrir réttarkerfi og löggæslu. Þeir eru gjald fyrir menntun og menningarstarfsemi. Þeir eru gjald fyrir frjálst atvinnu- og viðskiptaumhverfi. Þeir eru gjald fyrir heilbrigðisþjónustu og framfærslu þeirra sem miður mega sín í samfélaginu og fleira mætti tiltaka.

Menn geta haft mismunandi skoðanir á því hvað tilheyrir síðuðu samfélagi og hvað þurfi til þess að samfélag fái þá einkunn. Það er pólitískt úrlausnarefni en hvar svo sem línan er dregin þarf að gjalda fyrir þá samfélagslegu þjónustu sem veitt er. Það er líka pólitískt úrlausnarefni að ákveða hverjir skuli bera kostnaðinn af því að halda uppi síðuðu samfélagi. Forverar nútíma stjórnvalda á Íslandi, gömlu hreppsnefndirnar, gáfu því lýsandi nafn með því að kalla það "að jafna niður", sem fellur vel að skilgreiningu Olivers Wendell Holmes. Þessi niðurröfnun er ekki auðveld ákvörðun eða einföld og því ekki undarlegt að leitað væri að leiðarljósi í þeim efnunum. Í hinu íslenska bændasamfélagi hét það að jafna út-

gjöldum hreppsins niður á bændur eftir efnun og aðstæðum. Hjá Adam Smith, einum merkasta frumkvöðli hagfræðinnar og kyndilbera frjálsræðis í viðskiptum, hét það að hver og einn skyldi greiða til samfélagsins í samræmi við getu sína. Sanggirni í skattlagningu er tíðum tengd þessum sjónarmiðum.

Niðurröfnun samfélagslegs kostnaðar er í dag það sem kallað er að leggja á skatta. Þessi nafnbreyting á e.t.v. nokkurn þátt í því að á stundum er erfitt að átta sig á tengslum skattlagningar og tilgangs hennar og þessi tengsl virðast ekki alltaf vera ýkja meðvituð nú á tímum. Dreifing samfélagslegs kostnaðar er orðin að ómeðvituðum aukáhrifum og sanggirnin gleymist í flóru þeirra margvíslegu markmiða sem skattareglunum er ætlað að þjóna í dag. Það er meira að segja svo komið að menn virðast halda að skatta megi lækka eða hækka með breytingum á skattalögum. Slíkt er þó ekki mögulegt. Skattalögin segja aðeins fyrir um hverjir greiða skattana, hvernig og hvenær.

Mér fannst við hæfi að byrja stutta umfjöllun um skattsvík á Íslandi á þessari skilgreiningu skatta, m.a. til að draga fram eðli þeirra og þar með eðli skattsvíka. - Þeir sem svíkja undan skatti koma sér hjá því að greiða sinn hluta af því sem það kostar að halda uppi síðmenntuðu samfélagi. - Þeir neita sér hins vegar ekki um það sem í því felst. - Þeir hafa notið skólagöngu og heilbrigðisþjónustu og börn þeirra njóta hins sama. - Þeir búa við hið félagslega öryggi sem hér er í boði og afla sér viðurværis í skjóli þess viðskiptaumhverfis sem hér er haldið uppi. Það eina sem á vantar er að þeir borgi fyrir þá þjónustu, sem þeir nota. Þeir eru e.t.v. að yfirbragði ekki ósvipaðir tiltekinni grín-

figúru úr Spaugstofunni, en eru í reynd þjófar sem athafna sig í skjóli myrkurs.

Ég ásamt tveimur öðrum mönnum fengum það hlutverk fyrir nokkru að greina umfang skattsvika hér á landi, orsakir þeirra og ráðgera hvað væri helst til úrbóta. Skýrslu með niðurstöðum þeirrar vinnu var skilað til fjármálaráðherra um mánaðamótin nóvember/ desember og lögð fyrir Alþingi skömmu síðar. Eftir smálegt fjölmiðlafar í upphafi féll skýrslan eðlilega í skugga annarra ritverka í júlábókafloðinu enda var í því að finna æsilegri reyfara og lygilegri sögur. Ég ætla í þessu rabbi hér að gera í mjög stuttu máli grein fyrir helstu atriðum þessarar skýrslu, efnistöðum, niðurstöðum, úrbótatillögum og víkja aðeins að gagnrýni sem fram hefur komið.

Forsögu athugana á skattsvikum hér á landi er að finna í skýrslum um það efni frá árunum 1986 og 1993. Í skýrslunni frá 1993 sem er að verulegu leyti endurmat og uppfærsla á niðurstöðunum frá 1986 var áætlað að skattsvik kostuðu ríki og sveitarfélög um 9% tekna þeirra, sem var nokkuð hærra en talið var í fyrri skýrslu. Starfshópnum nú var falið m.a. að meta hvernig skattsvik, skattsníðganga og dulin efnahagsstarfsemi hefði þróast á þeim tíma sem liðin er síðan skýrsla þessi var gerð.

Niðurstöður fyrri athugana voru fyrst og fremst byggðar á mati á vanframtöldum tekjum, sem áætlaðar voru á grundvelli þjóðhagsreikninga. Þótt vit að sé að sú aðferðafræði er ekki fullkomin og tekur m.a. ekki tillit til skattsvika, sem felast í öðru en því sem hefur áhrif á framtaldar tekjur, ætlaði starfshópurinn að láta endurtaka slíka útreikninga. Það reyndist hins vegar ekki unnt.

Við í starfshópnum ihuguðum málið frá nýju sjónarhorni og lögðum upp með þá nálgun sem greint er frá í skýrslunni. Í frásögnum og ummælum um hana hefur því verið haldið fram að niðurstöður skýrslunnar séu alfarið byggðar á erlendum athugunum. Það er hins vegar ekki rétt. Hið rétta er að grunnurinn sem byggt er á eru hinar eldri kannanir sem gerðar voru hér á landi auk svokallaðrar virðisaukaskatt-

skýrslu frá 2000. Þessar þrjár athuganir sýna í stórum dráttum svipað umfang skattsvika, þ.e. að umfang tapaðra skatttekna sé 7 - 9% af skatttekjum opinberra aðila. Ofan á þennan grunn er í skýrslunni byggt með ýmsum hætti í þeim tilgangi að fá svar við þeirri spurningu hvort þetta ástand hefði breyst og þá hvernig. Til að svara því var litið til ýmissa atriða.

Í fyrsta lagi var litið til þess hversu áreiðanlegar hinar eldri athuganir eru sem mælikvarði á heildarumfang skattsvika. Eins og áður er sagt mæla þær aðferðir sem þá var beitt ekki nema hluta skattsvika, þ.e. undanskotnar tekjur. Ekki næst til annarra þátta sem skipta miklu þótt minni séu. Er þar fyrst og fremst um að ræða ýmis bókhalds- og framtalssvik, sem ekki felast í vanframtöldum tekjum, svo sem offærðan frádrátt, innskattssvik o.fl. svo og skattsvik með erlendu ívafi af ýmsum toga.

Í öðru lagi var reynt að greina þær breytingar sem orðið hafa á þeim atriðum sem almennt er talið að haft geti áhrif á umfang skattsvika, hvort sem var í löggjöf, skattframtalssvik, efnahagssumhverfi, viðhorfum, starfsháttum o.s.frv. Er þessum breytingum gerð skil í skýrslunni og þær metnar með tilliti til þess hvort líklegt væri að þær hefðu leitt til samdráttar eða aukningar á skattsvikum.

Í þriðja lagi var gerð athugun á viðhorfum almennings til skattsvika og breytinga á þeim á síðasta áratug og reynt að meta hvaða sögu breytt viðhorf segja og hvaða áhrif megi vænta að þau hafi haft á skattsvik.

Í fjórða lagi var litið til reynslu af skatteftirliti og skattrannsóknnum undanfarinna ára og af þeim dregnar ályktanir um breytingar á umfangi skattsvika, eðli þeirra og hvernig að þeim er staðið.


Í fimmta og síðasta lagi voru kannaðar rannsóknir, sem gerðar hafa verið í nágrannalöndum okkar, athugað hvaða þróun hefur verið í þeim í þessum efnum og lagt mat á hvort og í hvaða mæli megi ætla að sambærileg þróun hafi einnig átt sér stað hér á landi.

Eins og þetta ber með sér var seilst víða til fanga og þær ályktanir sem við

drógum af þessum athugunum voru í stuttu máli þessar helstar:

Það liggur ljóst fyrir að mati starfshópsins, að þær úttektir, sem gerðar voru hér á landi og fyrr er getið, náðu ekki til allra tegunda af skattsvikum fremur en sambærilegar athuganir í öðrum löndum. Það sem sú aðferð sem beitt var, nær ekki til eru annars vegar hluti skipulagðra bókhalds- og framtalssvika og hins vegar skattsvik með erlendu ívafi, m.a. með notkun skúffufyrirtækja í skattaparadísnum og á öðrum skattavildarsvæðum. Við skatteftirlit og skattrannsóknir á síðustu misserum hefur sýnt sig að æ meira er um skattsvik af þessum toga og þau umfangsmeiri og flóknari en áður var. Fer það saman við þá þróun sem greinilega hefur verið í ráðgjafastarfsemi á þessum vettvangi sem hefur aukist mjög og gerst æ virkari á síðustu árum. Það er erfitt að finna rök fyrir því að skattsvik af þessum toga hér á landi séu mikið minni en í nágrannalöndum okkar. Tækifærin eru hin sömu eða meiri, aðhald minna og upplýsingagjöf til skattyfirvalda dræmari svo eitthvað sé nefnt. Sé svo að umfang skattsvika af þessum toga hér sé að tiltölu áþekkt og í nágrannalöndunum má ætla að hefðbundin mæling á grundvelli þjóðhagsreikninga vanmeti umfang skattsvika um allt að þriðjung. Það gæti því svarað til 3-4% af skatttekjum opinberra aðila.

Þegar litið var til breytinga á skattalögum, skattaframtalssvikum, atvinnulífi og starfsumhverfi var það niðurstaða starfshópsins, að breytingar á sumum sviðum bentu til að skattsvik hefðu minnkað svo sem bætt skattframtalssvik, fyrst og fremst auknar upplýsingar frá þriðja aðila og auknar skattrannsóknir og refsingar hefðu haft varnaðaráhrif. Ennfremur hafa á sumum sviðum, svo sem í byggingarstarfsemi og bifreiðaviðgerðum, orðið breytingar frá smáfyrirtækjarekstri sem hefur verið talinn líklegur vettvangur tekjuundandráttar. Á móti þessu hafa komið aðrar breytingar sem líklegar eru taldar til að hafa aukið skattsvik og möguleika til þeirra. Má þar nefna flóknari skattareglur og aukið misræmi í skattlagningu, flóknari eignatengsl í



atvinnurekstri, fjölgun einkahlutafélaga, aukna alþjóðavæðingu og fjármagnsflutninga milli landa, minna skatteftirlit og stórauðna skattasniðgönguráðgjöf. Það var mat starfshópsins að þær breytingar sem gætu hafa dregið úr skattsvikum ættu fyrst og fremst við um hin hefðbundnu skattsvik sem ætla mætti að hefðu dregist eitthvað saman. Breytingar til hins verra ættu fyrst og fremst við um skipulögð bókhalds- og framtalssvik og skattsvik með erlendu ívafi og mætti gera ráð fyrir að þau hefðu vaxið á undanförunum árum.

Hvað varðar viðhorf almennings til skattsvika varð ekki mikið ráðið um breytingar á þeim og hugsanleg áhrif þeirra á umfang skattsvika. Annars vegar virðast heldur færri hafa átt aðild að undanskoti tekna nú en fyrir 10 árum, þótt hins vegar jafnmargir og áður telji sig reiðubúna til að sæta lagi ef færi gæfist. Þótt skoðanakannanir kunni að segja nokkuð til um viðhorf til skattsvika eru þær ekki traustur mælikvarði á umfang þeirra.

Reynsla af skatteftirliti og skattrannsóknnum síðustu ára er nokkuð augljós hvað varðar umfang skattsvika og

sláandi hvað varðar gerð þeirra. Í störfum skattyfirvalda á þessum vettvangi eru engin merki þess að úr skattsvikum sé að draga, hvorki fjöldi mála eða stærð þeirra leyfa slíkar ályktanir. Hins vegar er ljóst að breyting hefur orðið á eðli þeirra. Flóknar uppsetningar viðskipta milli tengdra fyrirtækja, faldar tekju- og eignatilfærslur og mála-myndagerningar eru atriði sem æ oftast einkenna þau mál sem upp koma. Oftast en ekki eru ráðstafanir af þessu tagi tengdar lögaðilum sem innlendir aðilar hafa komið fyrir í skattaparadísunum eða stöðum eins og Lúxemborg, sem er orðin eins konar Mekka skattasniðgöngumanna og þeirra sem þjónusta þá. Sameiginlegt einkenni flestra þessara skattsvikamála er, að þau eru þrælskipulögð af sérfróðum aðilum sem oft starfa á vegum fjármálafyrirtækja sem starfa í tengslum við erlend skattaskjól.

Þær erlendu rannsóknir á skattsvikum, sem kannaðar voru, studdu mjög þær ályktanir sem að framan greinir og voru auk þess fróðlegar á ýmsan hátt. Hvað varðar hefðbundin skattsvik með undanskoti tekna virðist þróun til lækkunar hafa verið viðvarandi um langt

skeið og er það ekki síst þakkað bættri skattframkvæmd, einkum aukinni upplýsingagjöf. Hins vegar eru taldar líkur á því að vanframtöldum tekjum verði ekki komið mikið lægra en nú er. Í löndunum í kringum okkur eru þau talin valda tekjutapi sem svarar 5 - 8% af skatttekjum opinberra aðila. Styður það mat starfshópsins á því að hér á landi kunni þessi þáttur að vera 6 - 8% af skatttekjum. Í hinum erlendu athugunum kemur einnig fram, að breytingar í viðskiptaumhverfinu hafa skapað ný skattsvikataækifæri og aukið skattsvik. Erfitt er hins vegar að leggja mat á umfang þeirra og hefur því verið farið varlega í að fullyrða um það. Þó er talið að af þessum ástæðum megi að lágmarki gera ráð fyrir að þau séu orðin um þriðjungur heildarskattsvika eins og að framan greinir.

Þegar allt þetta var dregið saman var niðurstaða starfshópsins sú, að umfang skattsvika hér á landi væri líklega á bilinu 8,5 - 11,5% af heildarskatttekjum ríkis og sveitarfélaga og hefðu því kostað þessa aðila 25 til 35 milljarða króna á árinu 2003. Um 2/3 hlutar þessara skattsvika séu til komin

vegna vanframtalinna tekna en um 1/3 vegna skipulagðra bókhalds- og framtalssvika svo og skattsvika með erlendu ívafi.

Í erindisbréfi sínu var starfshópnunum einnig falið að leggja á ráðin um hvernig draga megir úr skattsvikum. Í skýrslunni nefnir hann til sögunnar um tug breytinga á skattalögum auk annars eins fjölda af öðrum ráðstöfunum. Þar sem starfshópurinn miðaði starf sitt við núverandi skattlagningarreglur fjallar hann því ekki um ýmsar breytingar á skattalögum, afnám misræmis í skattlagningu o.fl., sem í skýrslunni er talið að aukið hafi skattsvik. Flest af því sem starfshópurinn nefnir eru þekkt atriði, sem algeng eru í nágrennalöndum okkar, en hafa af ýmsum ástæðum átt erfitt uppdráttar hér á landi. Meðal þeirra úrræða sem starfshópurinn bendir á er svokölluð CFC-löggjöf sem felur í sér heimild til að samskatta hér innlenda aðila ásamt erlendum dótturfyrirtækjum þeirra þegar viss skilyrði eru uppfyllt. Slík löggjöf er ekki sist gagnleg til að sporna við flutningi tekna í skúffufyrirtæki á lágskattasvæðum og skattaparadísnum. Önnur ráðstöfun sem gengur í sömu átt er fyrirkomulag sem tekið var upp í BNA fyrir nokkrum árum og felst í því að ráðgjafafyrirtækjum er gert skylt að halda skrá yfir viðskiptavini sem þau aðstoða við fjársýslu erlendis og afhenda skattyfirvöldum afrit hennar þegar þess er óskað. Ennfremur leggur nefndin til að lagður verði afdráttarskattur á vexti úr landi og að afnumin verði heimild til að fresta skattlagningu söluhagnaðar, a.m.k. að því er varðar kaup á hlutabréfum erlendis.

Annar flokkur ráðstafana lýtur að því að auka upplýsingastreymi til skattyfirvalda en upplýsingaskipti og upplýsingamiðlun er talið eitt beittasta vopn í baráttu við skattsvik eins og fram kemur í starfi OECD og í þeim reglum sem ESB ríkin hafa sett sér. Mun nær fullkomin miðlun bankaupplýsinga innan lands og milli landa verða orðin algild regla innan fárra ára. Þannig er lagt til að tryggjast verði aðgengi skattyfirvalda að upplýsingum frá bönkum og öðrum fjármálastofnunum en það er hér langtum minna en á Norðurlöndunum, flest-

um ríkjum V-Evrópu og í BNA. Á þessu sviði virðumst við því miður eiga meiri samleið með Bresku Jómfrúreyjunum en Evrópuþjóðunum sem við reynum þó jafnan að bera okkur saman við.

Auk þessa er bent á fjölmargar aðrar breytingar á lögum og á skattframkvæmd sem gætu orðið til þess að draga úr skattsvikum. Má þar nefna styrkingu skattasniðgönguákvæða skattalaganna, að upplýsingar um verðbréfamíðlun verði eflidar, komið verði á skattgreiðsluábyrgð eigenda og stjórnenda fyrirtækja, skráning og upplýsingar um viðskipti erlendis eins og áður er nefnt, styrking tvísköttunar-samninga og efling samskipta við erlend skattyfirvöld og almennt að styrkja skattframkvæmd.

Eins og verða vill eru ekki allir á eitt sáttir um efni og niðurstöður þessarar skýrslu og það er eðlilegt að um það sé rætt og að hverjum sýnist sitt um forsendur og niðurstöður hennar og þær tillögur sem í henni eru. Hitt er þó dálítið skrítið og ihugunarvert að þegar skattsvik ber á góma er eins og vissir aðilar telji að sér eða sínum sé vegið og snúast til varnar. Það væri einnig í lagi ef það er gert málefnalega og opinskátt en ekki með dylgjum og órökstuddum fullyrðingum.

Tilraunir Viðskiptablaðsins til að gera niðurstöður skýrslunnar tortryggilegar - reyndar aðallega með þeim einkennilegu rökum að skýrslan sé skrifuð af aðilum sem vegna starfa sinna vita hvað þeir eru að fjalla um - eru vart svara verðar fremur en sú staðhæfing nafnlauss "skattsérfræðings" í blaðinu að megintilgangur skýrsluhöfundar sé "að knýja út meiri peninga til reksturs embættanna sinna" og "hafa mesta hagsmunir af því að halda á lofti undanskotum". Hafi sjálfskipaðir talsmenn skattsvika ekki haldbetri rök en þetta verður að draga "fræðimennsku" þeirra í efa eða ætla að þeim reynist af öðrum ástæðum erfitt að finna höggstað á skýrslunni.

Þá er því ekki að leyna að nokkra undrun vekja staðhæfingar um upplýsingagleði og samstarfsvilja banka sem bornar hafa verið á borð þvert ofan í borðliggjandi staðreyndir. Í skýrslunni

eru nefndar alþjóðlegar heimildir sem hver og einn á aðgang að og getur kynnt sér sem greina skilmerkilega frá ástandinu í þessum efnum. Í 20 af 30 ríkjum í OECD, þ.á.m. nær öllum ríkjum V-Evrópu og N-Ameríku eru bankar og fjármálastofnanir skyldaðir til sjálfvirkar upplýsingagjafar til skattyfirvalda og í flestum hinna ríkjanna eru skyldur þeirra ríkari en hér á landi. Samt leyfir talsmaður þessara stofnana sér að fullyrða frammi fyrir alþjóð að reglur hér séu sambærilegar því sem er í öðrum löndum. Svo dæmi sé tekið af Svíþjóð þá eru bankar og fjármálastofnanir þar skyldugar til að skila sjálfkrafa til skattyfirvalda upplýsingum um vaxtatekjur viðskiptavina sinna, um skuldabréfaeign þeirra og tekjur af þeim, um sölu á hlutabréfum og hlutum og um tekjur af verðbréfa- og hlutdeildarsjóðum. Engar af þessum upplýsingum fá íslensk skattyfirvöld án eftirgangsssemi sem gerir að verkum að upplýsingagjöf bankanna kemur að litlum notum í venjulegri skattframkvæmd og skatteftirliti. Jafnvel þótt til þess standi tvímælalaus lagaákvæði skirrast bankarnir við að afhenda upplýsingar.

Það er reyndar dálítið hlálegt þegar til þess er hugsað að íslensk skattyfirvöld fá sjálfkrafa allar upplýsingar um bankaviðskipti sem íslenskir skattborgarar eiga á Norðurlöndunum, Frakklandi og Bandaríkjunum svo nefnd séu lönd sem miðla hingað upplýsingum. Eigi þessi sami aðili viðskipti við íslenska banka fæst ekkert upplýst. Hverju er verið að leyna og í hverra þágu? Hvað er það sem t.d. banki hér á landi telur sig þurfa að leyna fyrir skattyfirvöldum hér sem dótturfyrirtæki hans eða útibú á Norðurlöndunum telur sjálfsagt að afhenda þar lendum skattyfirvöldum? Bankaleyndin sem jafnan er dregin fram til skýringar dugir ekki til. Bankaleyndin er ekkert annað en almennt trúnaðarskylda um fjárhagsupplýsingar viðskiptavina bankanna. Sú trúnaðarskylda sem á skattkerfinu hvílir er síst minni og upplýsingar sem þessar eru þar varðveittar í vel vörðum, aðgangsstýrðum kerfum. Þá er þess að geta að þetta eru upplýsingar sem gjaldendum ber hvort sem er að láta




skattfyrvöldum í té þannig að það er ekki verið að láta skattfyrvöldum í té neinar upplýsingar sem þau fá ekki hvort sem er nema í þeim tilvikum að verið sé að svíkjast undan því að telja rétt fram. Þeim einum sem svo haga sér gagnast þessi bankaleynd. Bankar hér á landi verða að fara að gera það upp við sig hvort þeir telji brýnna að þjóna þeim og aðstoða sem hafa hagsmuni af því að leynd upplýsingum fyrir skattfyrvöldum eða öllum þorra almennings sem hefur hagsmuni af heilbrigðri og svikalausri skattlagningu auk þess sem þessi rakalaus tímaskökkja bankanna er þröskuldur í vegi frekari framþróunar í skattframtækni.

Því hefur stundum verið haldið fram að skattsvik, einkum svört atvinnustarfsemi, geti haft sínar jákvæðu efnahagslegu hliðar. Sú skoðun hefur nokkuð til síns máls. Það að tekjur séu ekki gefnar upp til skatts kann að leiða til aukinnar verðmætasköpunar, vinna sé fól sem ella hefði ekki staðið til boða og eftirspurn fyrir hendi sem ekki hefði verið ella. Þannig skapist verðmæti sem ella hefðu ekki verið til staðar. Það er vissulega rétt en þarf að meta m.t.t. neikvæðra áhrifa, m.a. áhrif á framboð og eftirspurn eftir vinnu af því að skatthlutföll eru hærra en ella vegna skattsvika. Ein kenning til betrunar á skattsvikum hefur líka verið viðruð þess efnis að tekjutapið af skattsvikum sé ofmetið vegna þess að þeir sem svíkja undan skatti eyði hinum undanskotna skatti og skapi þannig veltu sem gefi af sér tekjur. Þessi kenning stenst hins vegar ekki skoðun. Skattar eru ekkert annað en útgjöld ríkisins. Skattsvik einhverra þýða þá að hinir borga meira. Án

skattsvikanna væru ráðstöfunartekjur hinna skilvísu sem skattsvikumum nemur hærra en annars og aukin eyðsla þeirra kæmi í stað eyðslu skattsvikaranna og hefði sömu tekjuáhrif.

Auðvitað er aldrei hægt að fullyrða að niðurstöður skýrslu eins og þeirrar sem hér er fjallað um séu



fullkomlega réttar eða talnalega nákvæmar og í sjálfu sér skiptir ekki sköpum hvort umfang skattsvika er einhverju prósentu hærra eða lægri en í henni er áætlað. Ég held að engum, sem kynnir sér þessi mál, blandist hugur um að skattsvik hér á landi eru mikil og langtum meiri en svo að viðunandi sé. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um að í skýrslunni er umfang skattsvika síst ofmetið. Ég held að allir, nema e.t.v. þeir sem hagnast á skattsvikum, geti verið sammála um að fullt tilefni sé til

að taka verulega á í þeim tilgangi að draga úr þeim þótt ljóst megi vera að skattsvikum verður seint útrýmt að fullu. Í skýrslunni er ekki lagt mat á það hvaða ávinning það hefði í för með sér í auknum skatttekjum að draga úr skattsvikum en bent á að fjárhagslegur ávinningur af því sé mikill auk þess sem slíkt myndi bæta starfsskilyrði og samkeppnisaðstöðu heiðarlegs atvinnureksturs og auka jafnræði borgaranna.

Á síðustu árum hefur mjög verið til þess hvatt að allri starfsemi fyrirtækja sem opinberra aðila séu sett markmið og þau leidd að þeim í anda árangursstjórnunar. Í skýrslunni er hvatt til þess að stjórnvöld setji sér það markmið að draga verulega úr skattsvikum með markvissu átaki á nokkrum árum. Ég held að ef stjórnvöld lýsa til þess vilja í orði og verki sé ekki óraunhæft að setja það markmið að draga úr skattsvikum um þriðjung á næstu 5 árum með samstilltu átaki löggjafans, framkvæmdavaldsins, og þeirra aðila sem hagsmuna hafa að gæta á þessum vettvangi og þeirra, sem vitað er að hafa veruleg áhrif. Næðist það markmið myndi það bæta hag ríkis og sveitarfélaga um allt að 10 milljörðum króna, auka sanngirni við skattlagningu og bæta stöðu skilvísra borgara sem nemur því sem á vinnst. Vissulega væru endurskoðendur og samtök þeirra velþegnir aðilar að slíku átaki og gætu orðið mikilvirkir í því.

Ég endurtek þakkar fyrir að fá að koma hér og þakka gott hljóð.



# Forskráning upplýsinga og skatteftirlit



JÓHANNES  
HRAUNFJÖRÐ  
KARLSSON

Eitt helsta markmið ríkisskattstjóra með uppbyggingu netframtalsins var að búa til notendavænt umhverfi þar sem hver og einn skattborgari hefði aðgang að öllum helstu upplýsingum um tekjur og eignir sínar sem máli skipta fyrir skattlagningu. Markmiðið með forskráningu upplýsinga á framtöl er að auðvelda framteljendum skattskil og láta ekki flókinn útreikning fæla fólk frá því að gera rétt og heiðarlegt framtal. Langtímamarkmiðið er að framtalsgerð verði sjálfvirk fyrir a.m.k. 50% framteljenda, þ.e. að þeir þurfi ekki að gera annað en að sannfæra sig um að forskráðar upplýsingar séu réttar og tæmandi og staðfesta það.

Í upphafi voru eingöngu tekjur frá opinberum aðilum og nokkrum stórfyrirtækjum forskráðar á framtölin svo og

fasteignir og skuldir við Íbúðalánasjóð og LÍN. Forskráningin hefur sífellt verið að aukast og við framtal 2004 voru 76% allra fjárhagslegra stærða skráð á framtöl einstaklinga. Þótt 92% allra launa og starfstengdra greiðslna og 100% lífeyris og bóta séu forskráð á framtöl einstaklinga nær forskráning ekki til nema 80% allra tekna. Mestu munar þar um að upplýsingar frá bönkum og öðrum fjármálastofnunum um fjármagnstekjur vantar algerlega. Árið 2004 voru framtaldar fjármagnstekjur einstaklinga um 72 milljarðar króna eða 15% af heildartekjum þeirra. Tekjur þessar fara að langmestum hluta um hendur banka þannig að væru þeir tilbúnir eða skyldaðir til að skila upplýsingum myndi forskráning ná til um 95% allra tekna einstaklinga.

Svipaða sögu er að segja af eignum og skuldum einstaklinga. 98% af verðmæti fasteigna er forskráð en innan við 80% af öllum eignum. Einnig hér vantar upplýsingar frá fjármálastofnunum um peningalegar eignir og viðskipti með hlutafé. Peningalegar eignir eru um 250 milljarðar króna eða um 16% af fram-

töldum eignum. Forskráðar skuldir eru 68% allra framtalinna skulda. Hefur þar eingöngu verið um að ræða skuldir við Íbúðalánasjóð og Lánasjóð íslenskra námsmanna þar til nú að fjármögnunarleigur eru byrjaðar að veita upplýsingar um bílalán og einn lífeyrissjóður upplýsir á árinu 2005 um skuldir sjóðfélaga. Hins vegar vantar hér eins og á öðrum liðum allar upplýsingar frá bönkum og öðrum fjármálastofnunum. Af þeim ástæðum kemur afturkippur í forskráningu 2005. Forskráðar upplýsingar um lán til íbúðakaupa munu dragast saman um 5% þrátt fyrir stórauðnar lántökur og stærrí hluti framteljenda en áður verður að færa þessar upplýsingar á framtalið og gera tilheyrandi útreikninga.

Í flestum löndum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu, O.E.C.D., skila fjármálastofnanir upplýsingum inn til skattfyrvalda, sem nota upplýsingarnar bæði við skatteftirlit og við forskráningu skattframtals. Á Norðurlöndunum og í öðrum löndum sem lengst eru komin í skattframkvæmd hefur þetta verið mikilvægur þáttur í einföldun skattframtals og allrar þjónustu við skattborgarana. Þessi upplýsingagjöf fjármálastofnana hefur leitt til þess að í mörgum löndum þarf verulegur hluti skattgreiðenda ekki annað en að samþykka skattframtalið.

Þegar rætt er um skil á upplýsingum frá 3ja aðila, þ.e. öðrum en framteljanda eða skattinum, er forskráning upplýsinga á framtöl og þjónusta við framteljendur bara önnur hliðin á málinu. Hin hliðin snýr að virku skatteftirliti, sem er grundvöllur góðrar og réttlátrar skattheimtu. Án þess verður öll skattlagning bæði handahófskennd og ómarkviss og jafnræði milli skattgreiðenda skortir. Virkt skatteftirlit og vitneskja borgaranna um það, m.a. að allir sitji við sama borð þegar að skattlagningu kemur, er einhver mikilvægasti

## Forskráning á framtöl einstaklinga 2004

(í milljónum króna)	Framtöl	Forskráning	Hlutfall forskráningar, %
<b>Alls</b>	<b>2.747.950</b>	<b>2.096.511</b>	<b>76</b>
<b>Tekjur</b>	<b>560.863</b>	<b>446.482</b>	<b>80</b>
Laun, starfst. gr. o.fl.	409.491	378.440	92
Lífeyrir og bætur	67.222	68.042	101
Fjármagnstekjur	84.151	0	0
<b>Eignir</b>	<b>1.539.162</b>	<b>1.206.938</b>	<b>78</b>
Fasteignir	1.171.984	1.144.764	98
Ökutæki	114.354	62.174	54
Hlutabréf, nafnverð	47.106	0	0
Eignarskattsfrjáls verðbréf	52.375	0	0
Innlendar innstæður o.fl.	153.344	0	0
<b>Skuldir</b>	<b>647.924</b>	<b>443.091</b>	<b>68</b>
Skuldir vegna íbúðakaupa	451.475	382.705	85
Aðrar skuldir	196.449	60.385	31



hluti skattframkvæmdar. Skortur á því leiðir til undanskota sem byrja smátt en eittra út frá sér.

Í skatteftirliti eru upplýsingar frá þriðja aðila mikilvægasti þátturinn. Bara vitneskja um slíka upplýsingagjöf bætir skattskil og hún gerir eftirlit auðveldara ekki einungis með því að tekjur af fjármagni skili sér, heldur eru þessar upplýsingar mikilvægar og stundum algjör forsenda þess að beita áhættugreiningu og öðrum virkum eftirlitsaðferðum.

Fjármálastofnanir hér á landi hafa hingað til ekki viljað skila skattyfirvöldum upplýsingum um viðskipti skjólstæðinga sinna. Nær sú tregða ekki aðeins til upplýsinga um bankainistæður o.fl., sem ekki er fjallað um með beinum hætti í tekjuskattslögum, heldur einnig til upplýsinga um viðskipti með hlutabréf þar sem löggin kveða skýrt á um skyldu til að veita upplýsingar.

Á árinu 2004 krafði RSK fjármálastofnanir upplýsinga um viðskipti með hlutabréf eins og lög kveða á um. Þrátt fyrir ítrekanir bárust ekki upplýsingar í því formi sem óskað var eftir nema frá fáum þeirra, en 14 fjármálafyrirtæki létu RSK í té upplýsingar um heildarfjárhæð kaupa og sölu á hlutabréfum til einstaklinga árið 2003. Upplýsingar þessar eru alls ekki fullnægjandi og duga alls ekki við skatteftirlit hvað þá til að auðvelda framtalsgerð borgaranna.

Ríkisskattstjóri varðveitir í gagnagrunnum sínum upplýsingar af skattframtölum. Meðal þeirra upplýsinga sem þannig liggja fyrir eru upplýsingar af eyðublaði um kaup og sölu á hlutabréfum þar sem gerð hefur verið grein fyrir hverjum og einum viðskiptum, kaupanda og seljanda og fjárhæð viðskiptanna.

Nokkrir bankar og aðrar fjármálastofnanir, 14 talsins, hafa eins og fram kom látið ríkisskattstjóra í té upplýsingar um heildarviðskipti sín við einstaklinga árið 2003, ásamt heildarfjölda einstaklinga sem í viðskiptunum áttu. Þessar upplýsingar voru bornar saman við upplýsingar í gagnasöfnum ríkisskattstjóra með eftirfarandi niðurstöðum:

Fjármálastofnanirnar 14 keyptu hlutabréf fyrir 24 milljarða króna í eigin nafni af einstaklingum árið 2003. Samkvæmt framtölum seldu einstaklingar hins vegar hlutabréf fyrir 58 milljarða króna. Munurinn skýrist annars vegar með sölu einstaklinga til annarra en fjármálastofnana, þ.m.t. sölu með milligöngu fjármálastofnana og hins vegar af því að upplýsingar vantar frá fjölda fjármálastofnana þ.á.m. frá mjög umsvifamiklum aðilum.

Pegar eingöngu er litið til sambærilegra talna, þ.e. uppgefins kaupverðs þeirra 14 fjármálastofnana á hlutabréfum frá einstaklingum annars vegar og

framtalins söluverðs einstaklinga vegna sölu til sömu fjármálastofnana, kemur fram að kaup banka og fjármálastofnana voru um 24 milljarðar króna en framtalin sala einstaklinga er um 19 milljarðar króna. Þannig virðist vanta um 5 milljarða upp á að einstaklingar telji sölu tekjur af hlutabréfum rétt fram, eða rúmlega 20% af því sem fjármálastofnanir telja fram. Þá kemur það jafnframt fram, að mun færri telja sig eiga hlutabréfaviðskipti við fjármálastofnanirnar en þær sjálfar telja, eða 11 þúsund á móti tæplega 17 þúsundum sem fjármálastofnanirnar gefa upp.

Af þessu má ráða að verulega vanti á að söluhagnaður af hlutabréfum sé talinn fram og með því að yfirfæra framangreindar tölur á heildina má áætla umfang vanframtalinna tekna af sölu einstaklinga á hlutabréfum. Heildarsöluverð hlutabréfa skv. framtölum einstaklinga er um 58 milljarðar króna. Samkvæmt framangreindu kann um 26% að vanta upp á að allt sé talið fram. Vanframtalið söluverð gæti því verið um 15 milljarðar króna. Samkvæmt framtölum er stofnverð (kaupverð eða jöfnunarverðmæti) hlutabréfa að jafnaði um 55% söluverðsins en söluhagnaður um 45%. Undandreginn skattstofn gæti því verið nærri 7 milljarðar króna og vanreiknaður skattur um 700 m.kr.



# ALPJÓÐAHÚS

## Viðtal við Margréti Steinarsdóttur lögfræðing

Þó almennt megi segja að íslenska skattkerfið sé tiltölulega einfalt að því er varðar skattlagningu einstaklinga, þá er oft erfitt fyrir útlendinga sem flytja hingað til lands að átta sig á þeim reglum sem gilda. Útlendingar sem þurfa að leita sér aðstoðar, hvort sem er vegna skattamála eða af öðrum ástæðum, geta leitað til Alþjóðahúss en það er til húsa í virðulegu eldra húsi við Hverfisgötu í Reykjavík. Alþjóðahús er einkahlutfélag í eigu Reykjavíkurbildar Rauða Kross Íslands og hefur starfað frá því í desember 2001. Starfsmenn eru 11 og þeir eru af hinum ýmsu þjóðernum og það á að vera næsta tryggt að þeir sem þangað leita geta fengið einhvern sem getur talað við þá á þeirra eigin tungumáli.

Meðal starfsmanna er Margrét Steinarsdóttir lögfræðingur. Margrét starfaði hjá Persónuvernd áður en hún fór til Alþjóðahúss, en áður hafði hún starfað hjá ríkisskattstjóra í nokkur ár. Margrét hefur víðtæka tungumálakunnáttu og starfaði m.a. í 10 ár á talsambandi við útlönd, en það var að hennar sögn reynsla sem hefur nýst henni vel. Í stuttu viðtali fengum við Margréti til að fjalla um starfið hjá Alþjóðahúsi og fer frásögn hennar hér á eftir:

Ég er búin að starfa hér frá því í júní á síðasta ári og hér finnst mér mjög skemmtilegt að starfa, algjört draumastarf fyrir mig. Hér er erilsamt og til lögfræðings Alþjóðahúss koma til viðtals um 850 útlendingar á ári. Símtölin eru á milli 1200 og 1300 og annað eins berst af tölvupósti. Hingað kemur fólk af margvíslegum ástæðum, en flestir koma út af atvinnu- og dvalarleyfum og til að fá vegabréfsáritanir fyrir ættingja eða eitthvað því um líkt. Næst eru svo sífjamál og ýmis mál tengd þeim svo



sem forsjárdeilur. Alls konar mál koma upp, fólk kemur t.d. til mín vegna íbúðarkaupna, biður mig að skoða samninginn o.p.h. Við prédikum yfir fólki, m.a. í blöðunum okkar, að skrifa aldrei undir neitt nema vita undir hvað það er að skrifa. Það hefur komið fyrir að konur hafa við skilnað gefið frá sér eignir og forsjá barna vegna þess að þær vissu ekki hvað þær voru að skrifa undir, en sem betur fer kemur það æ sjaldnar fyrir. Svo er talsvert komið til

mín út af skattamálum. Fólk þarf að fá aðstoð við að fylla út skattframtalið og svo jafnvel að kæra eftir álagningu til að fá leiðréttingu. Barnabæturnar eru líka algengt vandamál hjá útlendingum, t.d. áttar fólk sig ekki á því þegar það kemur til landsins að það þarf að sækja um að fá fyrirframgreiddar barnabætur. Ég er í góðu sambandi við konu á skattstofunni sem hefur verið okkur mjög hjálpleg og er fljót að kippa hlutunum í lag. Ég vísa fólki gjarnan til



hennar og hún vísar til okkar sem er mjög gott vegna þess að þegar fólk kemur hingað til að fá aðstoð, sér Alþjóðahúsið því fyrir túlki þeim að kostnaðarlausu, en það eru ekki allir sem átta sig á að þeir eigi rétt á því.

Ég man eftir nokkrum tilfellum um konur sem ekki fengu barnabætur sem þær töldu sig eiga rétt á og þegar farið var að kanna málið kom í ljós að frá bótunum voru dregnar skattskuldir eiginmanns sem stofnað hafði verið til á hjúskapartímanum.

Annað sem er nokkuð algengt vandamál, er að margir vinna sem verktakar og átta sig ekki á hvað felst í því. Útlendingar sem koma hér, a.m.k. þeir sem ekki eru frá Evrópusambandsríki, koma sem launþegar og það er sótt um atvinnuleyfi fyrir þá. Flestir eru því ekki í þessari aðstöðu fyrr en þeir eru komnir með búsetuleyfi en þá eiga þeir til að taka að sér starf sem verktakar og átta sig engan veginn á því út á hvað þetta gengur og telja greiðslurnar bara vera

launin sín. Ef greiðslurnar eru verktakagreiðslur ættu þær að vera a.m.k. 50% hærrí en ef um launagreiðslur væri að ræða. Þeir átta sig jafnvel ekki á því að þeir eigi að skila virðisaukaskatti. Það hafa nokkur svona dæmi komið upp frá því að ég byrjaði hér og ég man eftir tilfellum um ræstingar, þar sem fólk hafði fengið einhverja fjárhæð í hendur en var á engan hátt gerð grein fyrir því hvernig það ætti að snúa sér varðandi skráningu á launagreiðendaskrá og virðisaukaskattskrá. Svo koma skattarnir eftir á og þá koma vandamálin upp. Allt í tengslum við þetta getur verið svolítið snúið. En þetta á ekki bara við um útlendinga. Þegar ég vann hjá ríkisskattstjóra á sínum tíma man ég eftir svipuðum dæmum en þá var ekki óalgengt að Íslendingar gerðust verktakar án þess að átta sig á því hvað það þýddi.

Þá er alltaf eitthvað um að fólk komi vegna þess að staðgreiðslunni hefur ekki verið skilað og sama á við um

lífeyrisdögjöldin og stéttarfélagsgjöldin. Flestir geyma launaseðlana sína og þar kemur fram að þetta hefur verið dregið af þeim og þá er auðvelt að fá leiðréttingu. Það virðast vera ákveðin brögð að þessu en ég veit auðvitað ekki hvort það er meira um það hjá erlendu vinnuafli en íslensku.

Það hafa líka komið upp nokkur dæmi um að konur frá löndum utan EES hafi komið inn á heimili sem vinnukonur. Þær hafa þá enga vitneskju um rétt sinn og fá ekki laun nema í formi fæðis og húsnæðis og svo einhverja vasapeninga. Það er gert ráð fyrir að þær séu alltaf til taks og fá þær mjög sjaldan frí.

Það er oft talað um að hingað komi útlendingar og taki störfina að sér fyrir miklu lægri laun en Íslendingar og við það lækki laun annarra í sambærilegum störfum. Ég sé ekki að þessar fullyrðingar eigi rétt á sér, það þarf að líta til þess að innflytjendur skapa mörg ný störf sérstaklega í matvælaíðnaði og

störfum honum tengdum, og svo var nú reynslan sú líka að það var mjög erfitt að fá fólk í þau störf sem innflytjendur gegna að miklum hluta svo sem störf á sjúkrahúsunum, við fiskvinnslu og við ræstingar. Við heyrum oft hjá vinnuveitendum sem eru að leita að starfsfólki að það sé hreinlega ekki hægt að fá Íslendinga til að taka að sér ákveðin störf. Þá verðum við ekki vör við annað en að stéttarfélagin fylgist mjög vel með og gæti þess að það sé ekki verið að borga laun undir taxa.

Það eru um það bil 10 þúsund einstaklingar með erlent ríkisfang á Íslandi og hefur fjöldi þeirra ríflega tvöfaldast frá því á árinu 1996. Atvinnuþátttaka

þeirra er mikil en á milli 80 og 90% þeirra útlendinga sem búsettir eru hér eru á vinnumarkaði. Þetta fólk er oft í tveimur og jafnvel þremur störfum og við verðum vör við að það er erfitt fyrir það að finna tíma til að koma til okkar. Þess vegna er ekki síst mikilvægt að hafa góð tengsl og samstarf við yfirvöld, þannig að megi fljótt og fyrirhafnarlítið afla upplýsinga og aðstoðar fyrir þá sem til okkar leita. Á þetta ekki síst við um skattýfirvöld, en þar hef ég engar kvartanir fram að færa, mér hefur veist mjög auðvelt að ná sambandi við þá sem geta verið til aðstoðar hverju sinni. Það má auðvitað að einhverju leyti þakka að ég hef enn tengsl inn í skattk-

erfið og svo er mjög góðar upplýsingar að fá t.d. á vef RSK sem og hjá starfsmönnum embættisins og skattstofa.

Ein ábending að lokum, því fer fjarri að allir innflytjendur geti lesið íslensku eða ensku. Þess vegna er mjög mikilvægt og æskilegt að eiga t.d. framtalsform/eyðublöð, leiðbeiningar um útfyllingu framtals og hugsanlega ýmsar aðrar leiðbeiningar um skattamál á öðrum tungumálum. Til dæmis er fjölmennasti hópur innflytjenda hér á landi Pólverjar og einnig er talsvert um fólk frá Thailandi, Filippseyjum og Eystrasaltsríkjunum.



# molar

## Molar



### Þjónustusíða lögaðila

Nú hefur verið opnuð á vef ríkisskattstjóra þjónustusíða lögaðila. Þar er skattframtal lögaðila aðgengilegt og hægt að sækja afrit af framtali 2004 hafi því verið skilað rafrænt. Hægt verður að sækja afrit af framtali 2005 inn á þjónustusíðuna þremur dögum eftir að framtalinu er skilað. Seinna á árinu munu fleiri möguleikar bætast við á þjónustusíðu lögaðila, s.s. að senda skattstjóra beiðni um leiðréttingu, sækja álagningarseðil og senda inn kæru.

Gert er ráð fyrir að síðar meir verði öll rafræn samskipti lögaðila við skattýfirvöld gegnum þjónustusíðu þeirra. Má þar nefna skil á framtali, launamiðum, virðisaukaskatti, staðgreiðslu og ársreikningum og kærur vegna álagningar.



Starfsfólk skattstofu Vestfjarðaumdæmis fyrir utan Amalienborg, höll drottningar, í Kaupmannahöfn.

### Kynnisferð skattstofu Vestfjarðaumdæmis

Starfsmenn Skattstofu Vestfjarðaumdæmis fóru í kynnisferð til Kaupmannahafnar dagana 10. - 13. mars s.l. Farið var í heimsókn til Told og Skat í Nærum sem er gamli vinnustaður skattstjórans á Ísafirði. Starfsfólkið fékk þar frábærar mót-tökur og góða fræðslu um skattkerfi og skattaumhverfi Danmerkur. Þá voru einnig kynntar fyrirhugaðar breytingar á skipulagi skattkerfisins í Danmörku en ætlunin er að flytja alla skattframkvæmd til ríkisins á 30 skattstofur. Núna sjá sveitarfélögin um stóran hluta skattframkvæmdarinnar. Símaþjónusta eða "call-center" verða staðsett á þremur stöðum í jaðarbyggðum í Danmörku og þar mun verða svarað í síma fyrir allt skattkerfið.



GUÐRÚN BJÖRG  
BRAGADÓTTIR

## Gagnvirk miðlun upplýsinga í fjölmenningarlegu samfélagi - þróunarverkefni allra helstu stofnana er koma að þjónustu við innflytjendur í Ísafjarðarbæ.

Nýlega boðuðu bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og Fjölmenningarsetur til fundar vegna möguleika á samstarfi um miðlun upplýsinga hjá nokkrum helstu stofnunum bæjarfélagsins, þeirra á meðal embætti skattstjórans í Vestfjarðaumdæmi. Á fundinum lýstu allir aðilar yfir áhuga á því að gera sérstakt átak í því að bæta aðgengi útlendinga að stjórnsýslunni. Í Ísafjarðarbæ er hlutfall innflytjenda með því hæsta sem gerist á landinu og vegna þess hefur orðið til umtalsverð reynsla í þjónustu við innflytjendur.

Verkefnið felst í því að allar stofnanir í Ísafjarðarbæ tengjast sameiginlega einni heimasíðu, þar sem verksvið hverrar stofnunar, samspil stofnana og málsmeðferð verði gert aðgengilegt með samræmdum upplýsingum og öll helstu eyðublöð og leiðbeiningar með þeim yrði einnig þar að finna. Jafnframt verði á vefnum gagnvirk, stöðluð fyrirspurnarblöð á nokkrum tungumálum. Þá er fyrirhugað að allir samstarfsaðilar geri orðalista og samskiptablöð sem yrðu þróuð í samstarfi við innflytjendur og þá aðila sem hafa með höndum bein samskipti við innflytjendur fyrir stofnun sína eða fyrirtæki. Af fyrri reynslu þykir ljóst að orðalistar eru mikilvægt tæki og hvetjandi fyrir fólk til að læra tungumálið. Þá er samskiptablöðunum ætlað að leysa erfiðleika í samskiptum þegar um einfalda hluti er að ræða, s.s. hvar tekið sé við umsókn um leikskólapláss,

eða hver sé ódýrasta og öruggasta leiðin til að senda fjármagn milli landa.

Ísafjarðarbær hefur þá sérstöðu, að öll stjórnsýslan er samankomin á litlu svæði, sem auðveldar samstarf til muna. Þróun einfaldra leiða til samskipta er sérstaklega áriðandi í litlum samfélögum þar sem stofnanir eru faliðaðar og lítt sérhæfðar. Sú skipan að hver einstaklingur innan stofnunar hafi vítt starfssvið, eykur möguleika á heildarsýn og skapar því enn meiri möguleika á því að vel takist til með verkefnið sem er ætlað að gefa innflytjendum heildstæða mynd af samfélaginu. Um leið er verkefnið alveg ný leið til að bæta þjónustu við innflytjendur er það um leið tilraunaverkefni um rafræna stjórnsýslu og gefur mikilvægar upplýsingar um hvernig hægt er að gera stjórnsýsluna bæði aðgengilegri og skilvirkari fyrir alla.

## Viðhorf innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi

Á sumar- og haustmánuðum 2004 kannaði Fjölmenningarsetrið á Ísafirði í samvinnu við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands viðhorf innflytjenda til ýmissa þátta á Íslandi, eins og búsetu, atvinnu og þjónustu.

Meðal þess sem spurt var um var hvort innflytjendur hefðu sjálfir séð um að útbúa skattskýrsluna. Í ljós kom að mikill meirihluti fékk aðstoð við að fylla út skattskýrsluna eða 81%. Þeir sem fengu aðstoð endurskoðenda voru 34%, aðstoð vina eða vinnufélaga 15%, vinnuveitenda 14%, ættingja eða fjölskyldumeðlima 11%, maka 11%, skattstjóra 6% og annarra 9%. Fleiri konur en karlar höfðu gert skattskýrsluna sjálfar og svarendur með háskóla-menntun gerðu skýrsluna oftast sjálfir.

Einnig var spurt hvort viðkomandi hefði áhuga á að hefja eigin rekstur eða stofna fyrirtæki og þá hvers konar rekstur eða fyrirtæki. Í ljós kom að nokkuð margir, eða 39%, höfðu áhuga á að hefja eigin rekstur. Yfirleitt voru það fyrirtæki í verslun eða þjónustu sem svarendur höfðu áhuga á að stofna en einnig höfðu töluvert margir hug á veitingarekstri. Karlar höfðu frekar áhuga en konur á að hefja eigin rekstur eða stofna fyrirtæki. Þeir sem höfðu búið á Íslandi innan við þrjú ár eða sjö ár eða lengur, höfðu hvað síst áhuga á að hefja eigin rekstur.



# Föst atvinnustöð



ELÍN  
ÁRNADÓTTIR

**Í því alþjóðlega umhverfi sem við búum við í dag reynir æ meira á þær skattlagningarreglur sem tvísköttunarsamningar á milli ríkja byggja á. Eitt af grundvallaratriðum í túlkun slíkra samninga er hvernig skilgreina skal hugtakið föst starfsstöð. Hér fer á eftir grein Elínar Árnadóttur þar sem hún tekur þetta efni til umfjöllunar. Elín starfaði um árabil hjá skattfyrirvöldum en starfar nú sem lögfræðingur hjá PricewaterhouseCoopers.**

## 1 Inngangur

Hugtakið „föst atvinnustöð“ eða „föst starfsstöð“ (permanent establishment, skammst. PE) er mjög mikilvægt í alþjóðlegum skattarétti og á því byggist oft skattlagningarréttur ríkja samkvæmt tvísköttunarsamningum. Hugtakið er skilgreint í 5. gr. OECD fyrirmyndarinnar að tvísköttunarsamningum og nánari útfærsla og skýringar koma fram í athugasemdum með fyrirmyndinni. Athugasemdirnar hafa tekið nokkrum breytingum og þróast með árunum í takt við breytingar á starfsumhverfi fyrirtækja og aukinni alþjóðavæðingu, með þann tvíþætta tilgang að leiðarljósi að koma í veg fyrir tvísköttun tekna og skattundandrætt. Hér verður gerð grein fyrir megininntaki hugtaksins og þróun þess síðustu ár. Átti undirrituð þess kost fyrir nokkru að sækja námskeið um þetta efni á vegum IBFD í Amsterdam og er þessi samantekt gerð í framhaldi af því og byggir m.a. á fyrirlestrum og gögnum sem þar voru lögð fram auk þeirra heimilda sem getið er. Er umfjöllun þessi alfarið á ábyrgð undirritaðrar.

## 2 Skilgreiningar

Í samningsfyrirmyndinni er tekið fram að hugtakið „föst atvinnustöð“ merki fasta starfsstöð þar sem starfsemi fyrirtækis fer að nokkru eða öllu leyti fram. Eins og áður segir er hugtakið mikilvægt til að skilgreina skattlagningararrétt ríkja samkvæmt tvísköttunarsamningum, þ.e. hvort ríkið hafi skattlagningarheimildirnar eru. OECD skilgreining „fastrar atvinnustöðvar“ þarf ekki að fara saman við skilgreiningu hugtaksins samkvæmt landslögum, geta ríki haft mismunandi reglur þar að lútandi, en samantekt þessi miðast við skilgreiningu OECD fyrirmyndarinnar.

Samkvæmt 5. gr. samningsfyrirmyndarinnar getur „föst atvinnustöð“ verið með þrennum hætti: Í fyrsta lagi samkvæmt meginreglu 1. mgr.: föst starfsstöð þar sem starfsemi fyrirtækis fer að nokkru eða öllu leyti fram, í öðru lagi vegna byggingarframkvæmda eða uppsetningarframkvæmda sem standa yfir í 12 mánuði eða lengur og í þriðja lagi er kveðið á um svokallaða umboðsmanns - fasta starfsstöð (agency PE).

## 3 Meginreglan

Meginreglan kemur fram í 1. mgr. 5. greinar. Nokkur megin skilyrði verða að vera fyrir hendi svo „föst atvinnustöð“ teljist hafa myndast og þau þurfa öll að vera uppfyllt.

### 3.1 Aðstaða

Atvinnustarfsemin þarf að vera tengd einhverri aðstöðu, húsakynnum eða tengjast einhverjum tækjum eða tólum (place of business test). Hugtakið er ekki skilgreint nánar í skýringunum en almennt er talið að einhver efnisleg eða áþreifanleg tilvist þurfi að vera fyrir hendi sem þjóni atvinnustarfseminni. Þannig geti t.d. verðbréf eða banka-reikningur ekki verið atvinnustöð.

### 3.2 Föst staðsetning

Starfsstöðin þarf að vera föst (fixed place), ákveðin staðfesta þarf að vera fyrir hendi eða ákveðin landfræðileg staðsetning (location test). Í skýringunum með greininni er talað um að það sé tenging milli starfsstöðvarinnar og tiltekins landfræðilegs staðar. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að starfsstöðin geti verið hreyfanleg, ef það er eðli hennar, sbr. kanadískan dóm í máli hnifasólumanns sem var búsettur í Bandaríkjunum og kom einu sinni á ári til Kanada og seldi þar hnifa á markaði í tvær vikur í senn. Verulegur hluti hagnaðarins af starfsemi hans varð til þarna á þessum tveimur vikum. Hann kom alltaf í tvær vikur á hverju ári svo ákveðin staðfesta var í starfseminni. Var talið að þarna væri föst staðsetning fyrir hendi, þótt hann væri á ferðinni. Ekki er víst að niðurstaðan hefði orðið sú sama í ýmsum öðrum löndum, þar sem þau ganga misjafnlega langt í því að skilgreina fasta starfsstöð. Í Þýskalandi er t.d. gerð krafa um að starfsstöðin sé föst í raun og veru þó tímabundið sé og geti ekki verið hreyfanleg. Danir hafa hins vegar talið að starfsstöð geti talist föst þó hún sé vel hreyfanleg, t.d. starfsemi sirkusa uppfylli hún skilyrði að öðru leyti.

### 3.3 Atvinnustarfsemi

Atvinnustarfsemin þarf að fara fram á ákveðnum stað eða í gegnum hann, eins og hún er skilgreind í samningnum og lögum viðkomandi ríkis („business activity test“). Samningsfyrirmyndin gerir ráð fyrir að atvinnustarfsemi sem fer fram á staðnum þurfi að vera raunveruleg atvinnustarfsemi fyrirtækisins. Hún þurfi í fyrsta lagi að falla undir hugtakið atvinnustarfsemi samkvæmt landslögum, í öðru lagi þurfi starfsemi skilgreiningu 7. greinar um atvinnustarfsemi. Í þriðja lagi þurfi starfsemin að vera í samræmi við meginstarfsemi fyr-



irtækisins, s.s. ekki undirbúnings- eða stuðningsstarfsemi. Þá þurfi atvinnustarfssemi að tengjast staðsetningunni, þ.e. fara fram á eða í gegnum hana.

### 3.4 Yferráð

Viðkomandi aðili þarf að hafa yferráð yfir starfsstöðinni (right of use test). Þannig er það ekki skilyrði að viðkomandi sé skráður eigandi starfsstöðvarinnar eða á annan hátt löglega skráður fyrir yferráðum hennar, t.d. sem leigjandi, þó það væri auðvitað nægjanlegt. En hann þarf að hafa yferráð hennar í þeim skilningi, að hann hafi ákveðið svæði til umráða, ekki nægir að vera á staðnum. T.d. getur verið um að ræða aðstöðu hjá viðskiptavini, svo framarlega sem aðstaðan standi honum ávallt til boða og hann hafi yfirumráð yfir því svæði meðan hann er þar og honum verði ekki meinaður aðgangur þar að.

### 3.5 Stöðugleiki

Þá er talið að ákveðinn stöðugleiki þurfi að vera í starfsemi. Hún þurfi að standa yfir í einhvern tíma (permanence test), en þarf þó ekki að vera varanleg eða til frambúðar. Í athugasemdunum er tekið fram að starfsemi í 6 mánuði eða lengur sé líklega nægjanleg til að uppfylla skilyrðið. Skiptir ekki máli þó dvöl sé rofin tímabundið.

### 3.6 Dæmi

Í 2. mgr. 5. gr. eru talin upp dæmi um hvað hugtakið "föst atvinnustöð" taki einkum til, s.s. aðseturs framkvæmdastjórnar; útibús; skrifstofu; verksmiðju; verkstæðis; og námu, olíu- eða gaslindar, grjótnámu eða annars staðar þar sem náttúruauðlindir eru nýttar. Listinn er ekki tæmandi og þó einhver skilyrða 2. mgr. séu uppfyllt, er ekki þar með sagt að „föst atvinnustöð“ hafi myndast í skilningi samningsfyrirmyndarinnar því áðurgreind skilyrði 1. mgr. þurfa jafnframt að vera uppfyllt.

## 4 Byggingar- eða uppsetningarstarfsemi

Sérákvæði er í 3. mgr. 5. gr. um að byggingar-eða uppsetningarverkefni teljist því aðeins „föst atvinnustöð“ að það sé til staðar eða standi lengur yfir



en tólf mánuði. Ákvæðið er sjálfstætt og þarf ekki að skoðast í samhengi með 1. og 2. mgr. 5. gr. Byggingarstarfsemi og uppsetningarverkefni geta í sjálfu sér verið undirbúnings- eða stuðningsframkvæmdir og því ekki uppfyllt skilyrði meginreglunnar en föst atvinnustöð getur þó myndast standi framkvæmdirnar yfir í 12 mánuði eða lengur. Ákvæðinu er þannig ætlað að rýmka hugtakið. Mikilvægt er að skoða í þessu sambandi hvenær framkvæmd telst falla hér undir, s.s. hvort viðgerðar- og viðhaldsvinna heyri undir ákvæðið. Einnig þarf að athuga, hvernig meta beri tímenn sem byggingar- eða uppsetningarverkefni taka, þ.e. hvenær þau teljist hefjast, hvort stöðvun framkvæmda hafi áhrif og hvenær þeim ljúki. Yfirleitt er talið að framkvæmdin hefjist þegar er fyrsti starfsmaður byggingaraðila hefur störf í landi eða fyrstu tæki og efni eru send á bygging-

arstað. Ekki skiptir máli þó verk teffist eða liggja tímabundið niðri. Þó verktaki feli undirverktaka hluta verks telst það hluti verksins. Og almennt er ekki talið að verki sé lokið fyrr en verktakinn hefur skilað því endanlega af sér.

### 5 Umboðsmaður - starfsstöð

5. mgr. 5. greinar kveður á um fasta atvinnustöð vegna starfsemi háðs umboðsaðila. Líkt og ákvæðið um byggingarstarfsemi er umboðsmanna ákvæðið skoðað sem viðbót við meginregluna. Því ætti fyrst að athuga hvort meginreglan eða byggingarákvæðið eigi við og nægi til að föst atvinnustöð teljist hafa myndast. Ákvæðið felur í sér að aðili, sem ekki er óháður umboðsaðili hefur á hendi starfsemi fyrir fyrirtæki og hefur heimild til að gera samninga fyrir fyrirtækið og beitir þessari heimild að jafnaði, teljist fyrirtækið, þrátt fyrir að uppfylla ekki skilyrði 1. og

2. mgr., hafa fasta starfsemi í því ríki varðandi þá starfsemi. Ákvæðið þarf að skoða í samhengi við 1. og 2. mgr., þar sem vísað er til skilgreiningar á atvinnustarfsemi og einnig 4. mgr., þar sem það á ekki við ef um slíka starfsemi sem þar er talin upp er að ræða, sbr. kaflann hér á eftir. Einnig þarf að skoða það í samhengi við 6. mgr. ákvæðið um óháðan umboðsaðila. Umboðsaðilinn getur hvort heldur verið einstaklingur eða lögpersóna. Meta þarf hvort umboðsaðilinn sé bæði lagalega og fjárhagslega óháður. Við það mat má líta til ýmissa þátta, s.s. hvort viðkomandi sé starfsmaður fyrirtækisins, hvort fyrirtækið sé hans eini viðskiptaáðili o.s.frv. Umboðsaðili getur verið lagalega tengdur, s.s. dótturfélag, en fjárhagslega sjálfstæður og fellur þá ekki undir ákvæðið. Umboðsaðilinn þarf að hafa heimild til að gera samninga fyrir fyrirtækið, og nýta þá heimild iðulega. Ekki er talið nauðsynlegt að hann skrifi undir samningana, ef hann að öðru leyti tekur þátt í samningaviðræðum og kemur að allri samningagerðinni.

## 6 Undantekningar

Í 4. mgr. 5. gr. OECD fyrirmyndarinnar er sérstaklega tekið fram í hvaða tilvikum föst atvinnustöð teljist ekki hafa myndast. Þetta á við um t.d. nýtingu geymsluaðstöðu, birgðahalds á vörum eða varningi, aðstöðu sem eingöngu er notuð í sambandi við kaup á vörum eða varningi eða öflun upplýsinga fyrir

fyrirtækið, s.s. markaðskönnunar, eða aðstöðu sem eingöngu er notuð til að annast sérhverja aðra undirbúnings- eða aðstoðarstarfsemi fyrir fyrirtækið. Ákvæðið er ekki tæmandi en skýrt þröngt þar sem um undanþágu frá meginreglunni er að ræða. Er einkenni þeirrar starfsemi sem þar er talin upp að vera ekki meginstarfsemi fyrirtækisins heldur einkennist af undirbúnings- eða stuðningsstarfsemi. Mikilvægur þáttur skilgreiningarinnar er hvort starfsemi starfsstöðvarinnar er í sjálfu sér nauðsynlegur og mikilvægur þáttur í starfsemi fyrirtækisins í heild. Til að mynda teldist ákvæðið ekki eiga við um rannsóknarstarfsemi lyfjafyrirtækis þar sem það er mikilvægur þáttur starfseminnar í heild sinni.

## 7 Atvinnustöð í skjóli dótturfélags

Þá er tekið fram í 7. mgr. fyrirmyndar 5. gr. að þótt félag stjórni félagi heimilisföstu í öðru ríki eða sem reki viðskipti í því ríki, leiði það í sjálfu sér ekki til þess að dótturfélagið verði föst atvinnustöð móðurfélagsins. Hið sama á við um starfsemi eins dótturfélags gagnvart öðru. Með öðrum orðum þarf að líta á hvert fyrirtæki sem sjálfstæðan lögaðila í skattalegu tilliti. Hins vegar getur móðurfélagið myndað fasta atvinnustöð með eða án tilstuðlunar dótturfélagsins samkvæmt öðrum skilyrðum 5. gr., s.s. skv. meginreglu 1. mgr. eða skv. umboðsaðilaákvæði 5. mgr.

## 8 Rafræn viðskipti

Á vegum OECD hafa verið birtar nýjar skýringar við 5. gr. er varða rafræna þjónustu. Meginefni nýju skýringanna er að skráning vefsíðu í tilteknu landi dugir ekki ein og sér til að þar stofnist föst starfsstöð. Netþjónustuaðili (ISP) telst ekki vera háður umboðsaðili í skilningi fyrirmyndarinnar nema í örfáum undantekningartilvikum. Staðsetning vélbúnaðar, s.s. netþjóna, getur í sumum tilfellum fallið undir hugtakið föst starfsstöð.

Þessar skýringar OECD hafa þau áhrif að skorið er að nokkru leyti úr þeirri réttaróvissu er ríkt hefur um skattskyldu viðskipta sem fara fram í gegnum internetið. Verður nú fremur litið til þess hvar starfsemi á sér raunverulega stað til að ákvarða skattlagningarstaðinn heldur en hvar tiltekin vefsíða er skrásett. Ekki er hægt einfaldlega að skrá vefsíðu á e-u lágskattasvæði og eiga síðan viðskipti um víða veröld án þess að greiða neina skatta og skyldur. Það að netþjónustuaðili teljist ekki vera "háður umboðsaðili" takmarkar einnig oftúlkun ákvæðisins um fasta starfsstöð. Hins vegar getur staðsetning vélbúnaðar í ríki leitt til þess að um fasta starfsstöð verði talið að ræða, er þá einkum litið til þess að staðsetning hans sé grundvöllur fyrir því að viðskipti eða þjónusta geti átt sér stað, s.s. við síma- og fjarskiptaþjónustu.



## Aðsendar greinar

Efni í aðsendum greinum er alfarið á ábyrgð greinarhöfunda og þarf ekki að endurspegla viðhorf embættis ríkisskattstjóra til einstakra efnispátta.

Rit ríkisskattstjóra seld á netinu

# SKATTALÖGIN



Hinn 7. maí 2003 tóku gildi lög nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt og koma þau í stað skattalaganna sem gilt hafa í rúma tvo áratugi (nr. 75/1981). Engar efnisbreytingar eru í hinum nýju lögum heldur eru greinar tölusettar upp á nýtt og lögin, með um 70 síðari breytingum, gefin út undir nýju númeri í Stjórnartíðindum.

Ríkisskattstjóri gaf af þessu tilefni út nýtt skattalagasafn tekjuskatts og eignarskatts, sem hefur að geyma lög, reglugerðir og auglýsingar er varða beina skatta og álagningu opinberra gjalda. Auk áður nefndra laga er þar að finna lög um fjármagnstekjuskatt, staðgreiðslu, lífeyrisréttindi, tryggingagjald, bindandi álit, stjórnáskilgjöld og fleira.

**Bókin er 303 síður  
og kostar 2.700 krónur.**

## Virðisaukaskattur, vörugjöld og bifreiðagjöld

Í skattalagasafni virðisaukaskatts, vörugjalda, þungaskatts, bifreiðagjalds o.fl. gjalda, eru auk laga- og stjórnvaldsfyrirmæla birtar upplýsingar um grunnfjárhæðir í virðisaukaskatti.

**Bókin er 235 síður  
og kostar 2.300 krónur.**



## Bókhald og ársreikningar

Bókin um bókhald og ársreikninga skiptist í sex kafla sem hafa að geyma lög og reglugerðir um bókhald og ársreikninga, ákvæði í sérlögum og ákvæði í skattalögum um bókhald og uppgjör, auk annarra laga sem snerta þetta efni. Einnig reglur reikningskilaráðs.

**Bókin er 384 síður  
og kostar 2.800 krónur.**

# Skatta-

# og tollasafnið

## í Rotterdam

### Æ sér gjöf til gjalda

Skammt frá gömlu höfninni í Rotterdam liggur virðuleg og fögur breiðgata. Við hana standa falleg, gömul hús sem vitna um velmegun, kaupsýslu og sterka hefð. Eitt þeirra skartar áberandi skjaldarmerki sem vekur áhuga forvitinna ferðalanga. Það er Skatta- og tollasafnið, á máli heimamanna: **Belasting & Douane Museum**. Safnið stofnaði Dr. Van der Poel (1888-1982) árið 1937. Það var lagt í rúst í sprengjuárásum 1940 og tók marga áratugi að endurbyggja safnið í núverandi mynd. Safnið tekur til alls sem viðkemur sköttum og sögu þeirra í Hollandi í hartnær 1500 ár. Húsið er á þremur hæðum auk jarðhæðar. Þar er merkilegt bókasafn með u.þ.b. 13 þúsund titlum sem tengjast sögu skatta, að auki er hægt að kaupa þar bækur og minjapeninga. Þá eru fánlegir fyrir börn á öllum aldri „svartir peningar“ en það eru kolsvartar og ljúffengar hálstöflur í peningalíki sem fara vel í munn.

Með skattasafninu er af hálfu hins opinbera gerð athyglisverð tilraun til þess að sýna almenningi manneskjulega og jafnvel spaugilega hlið á yfirvaldi sem er í eðli sínu ópersónulegt. Þessi tilraun kann að vera öðrum þræði viðleitni til að sætta skattgreiðendur við það hlutverk sitt að taka þátt í samneyslunni, jafnframt sem þeir eru uppfræddir um sögu tollheimtu og skattheimtu á ýmsum tímum. Á safninu er sýndur fjöldi dæma um tilraunir til smygls og undandráttar, og þar verður almenningi ljóst að slíkt er sist til eftirbreytni. Ekki er sist reynt að höfða til barna, en á einni hæð safnsins hefur verið komið upp litlu leiksvæði sem líkir eftir vinnusvæði tollara við Rotterdamhöfn, og til þess er notaður gámur, myndbönd, áhrifaríkir hljóðeffektar o.þ.l. svo blessað ungviðið átti sig m.a. á að fíkniefna-

smygl er ljótur leikur. Þannig gegnir safnið tvískiptu hlutverki: það er í senn óopinber og manneskjuleg ásjóna ríkisins og fræðslustofnun um skatta og tollamál.

Í hita og þunga dagsins gera menn sér yfirleitt ekki grein fyrir því hvað skattar og skattlagning er snar hluti af sögu þjóðar og menningu. Í fyrstu snerist skattlagning um vald og virðingu innan samfélagsins. Þannig litu Rómverjar á hertekin lönd eins og mjólkurkúr og kölluðu þau skattlönd. Í gamla bændasamfélaginu taldist sá einn fullgildur þjóðfélagsþegn sem greiddi skatt. Með tepartínu í Boston árið 1773, þegar Bostonbúar klæddir sem indjánar hentu tei í höfnina til að mótmæla valdbeitingu bresku krúnunnar og mörkuðu leiðina að sjálfstæðisyfirlýsingu Bandaríkja Norður-Ameríku



JÓHANNES  
HRAUNFJÖRD  
KARLSSON

1776, varð grundvallarbreyting á viðhorfi til skattheimtu með slagorðinu: No Taxation without Representation. Nú urðu hvorki skattar né önnur lög lögð á borgara án þeirra fulltrúa. Þannig urðu skattgreiðendur og kjósendur sitthvor hliðin á sömu myntinni. Skattgreiðendur einir gátu kosið og með afnámi einveldisins um miðja 19. öld var kosningarrétturinn bundinn við þá. Með skattheimtunni byggðist stjórnsýslan upp. Það þurfti mannskap til að innheimta og telja skattinn. Þá þurfti mannskap til eftirlits. Allt krafðist þetta sérhæfðs búnaðar sem í dag þykir sjálfsgöður hlutur. Samræma varð allar mælieiningar, gjaldmiðla og landmælingar. Menn greiða skatt miðað við þyngd eða rúm-mál vöru. Skatturinn er líka greiddur í ákveðnum gjaldmiðli og miðaður við hann. Í fyrstu höfðu menn vöruskipti og jafngilti t.d. ein kýr 6 ám í slíkum skiptum, en síðar var greitt með gulli eða silfri. Nú skrifa menn ákveðna tölu á blað eða tölvuskjá og skatturinn telst greiddur. Þannig greiða menn t.d. fasteignaskattana í dag, en Napóleon

(1769-1821) stofnaði til landmælinga svo þeir skattar yrðu sem nákvæmastir og engum eignum yrði undan komið. Þá skilgreinir hvert ríki skattaumdæmi sitt innan ákveðinnar en ímyndaðrar línu og verður að greiða skatt þegar farið er yfir hana. Fyrr á tímum voru borgir umgirtar virkisveggjum með stórum hliðum og í hvert skipti sem farið var um hliðið þurfti að greiða skatt. Um þetta vitnar sagan. Hvað væri t.d. Berlín í dag án Brandenborgarhliðsins, eða Íslandssagan án Gamla sáttmála sem snerist ekki síst um skattheimtu?

Viðfangsefni Skatta- og tollsafnsins í Rotterdam er að vekja menn til meðvitundar og umhugsunar um vægi skatta í lífi allra, en þar hefur verið safnað saman ótrúlegustu hlutum úr hversdagslífinu sem tengjast sköttum á einhvern hátt. Þarna má sjá málverk, peninga, einkennisföt tollheimtumanna, stóla þeirra og púlt, vogir, mál, landmælingatæki að ógleymdum kistunum sem geymdu skattinn. Þarna er t.d. málverkið: Kallað í Mattheus eftir hollenska málurann Marius van Reimerwael frá 16. öld. Mattheus var, eins og alkunna er, tollheimtumaður sem ákvað að skipta um starf og fylgja Jesú. Þetta er dæmigerð Biblíumynd sem sýnir hvernig tollheimtumenn samtímans voru klæddir og hvaða tólum og tækjum þeir voru búinir. Þá má sjá málverk af brúm og vitum, en hvort tveggja notuðu skattheimtumenn við iðju sína áður fyrr. Tollheimtumenn sátu þá í vitum við ströndina og fylgdust með skipakomum langt að. Fáir sluppu undan árvökulum augum þeirra en skipverjum var þá eins og nú ætlað að greiða skatt af öllum innflutningi. Misjafnt var hvort greitt var fast gjald á hvert stykki eða einingu, eða eftir rúmmáli vöru eða þyngd. Ef um vín var að ræða voru notaðar löggiltar skjólur. Innihald einnar tunnu var mælt út frá slíkum skjólum. Fjöldi skjóla var svo margfaldaður með fjölda tunna. Þannig fékkst út heildarverðmæti vínsins og þá var hægt að reikna út hve mikinn skatt eða vörugjald átti að greiða af víninu. Það sama gilti um aðra vöru. Tollarar vögu hana og mátu. Í bæjunum voru gjarnan stór



Greinarhöfundur í pilgrímsferð fyrir utan skatta- og tollsafnið.

vigtunarhús og í safninu má sjá málverk af einu slíku í bænum Vlaardingen. Bændurnir þurftu þá að byrja á að fara með vöruna í vigtunarhúsið svo hægt væri að greiða skattinn og fara með hana á markaðinn. Þeir bændur sem þurftu að fara yfir brú á leiðinni þurftu einnig að greiða brúartoll. Þessi tollur lagðist ofan á verð vörunnar eins og vigtunartollurinn og lenti að lokum á neytandanum. Það segir sig sjálfst að brúareigandinn var í mun betri stöðu en aðrir bændur. Fastur kostnaður hans á hverja framleiðslueiningu var minni og hann gat jafnvel ýtt öðrum af markaði með því einu að hækka brúartollinn!

Þá eru að sjálfsögðu myndir af frægum persónum úr hollenskri skattasögu og má t.d. nefna Kenau Simonsdochter Hasselaar (1526-1588) sem fræg er fyrir þátt sinn í uppreisninni gegn Spánverjum 1572 til 1573 í Haarlem. Hún var fyrsta konan í Hollandi sem taldist til svokallaðra skattbænda. Ríkið bauð þá út skattheimtu í ákveðnum héruðum eða á ákveðnum vörum. Hnossið hlaut sá sem best bauð. Hann byrjaði á að greiða stjórnvöldum fyrirfram uppsettan skatt en innheimti hann auðvitað margfalt aftur meðal þeirra sem voru skör lægra sett-

ir. Þetta kom bæði skattbónda og yfirvaldi vel og var ekki ósvipað staðgreiðslukerfi skatta gagnvart stjórnvöldum. Þau fengu peningana í kassann strax. Skattbændakerfið var víða við lýði og mætti líkja því við það þegar íslenska ríkið býður út innflutning á erlendum osti hingað til lands. Erlendur ostur er takmörkuð auðlind hérlendis því einungis má flytja inn ákveðinn kvóta. Sá sem best býður og hlýtur ostakvótann er því nokkurskonar skattbóndi. Af þeim gersemum sem sýndar eru á safninu er enn ótalin fjöldinn allur af merkilegum smáhlutum, sem tengjast sköttum á einn eða annan hátt. Hér má t.d. nefna hundsól með skildi, sem sýndi að skatturinn hafði verið greiddur frá 1885, reiðhjólánúmer frá árinu 1924 sem þjónaði sama tilgangi og skjöldurinn, en þar fylgdu þeir for-dæmi Frakka sem löngum hafa verið iðnir við skattheimtu í gegnum tíðina, og tóbaksdósir úr silfri frá árinu 1747 sem fólk var neytt til að láta af hendi til að kosta stríðið milli Frakka og Hollendinga og kallað frjáls framlög þeganna.

Eins og fyrr segir er stór hluti safnsins helgaður undanskotum frá skatti og smygli á alls kyns varningi.

Hér má nefna hluti sem tengjast venjulegum auðgunarbrotum, s.s. holar Biblíur fylltar með sigarettum, skartgripum eða byssum. Samskonar hlutverki gegndu harmóníkur, stólar og jafnvel orgel. Þarna eru líka hlutir sem tengjast hinum harða heimi fíkniefnanna, en bæði eru þarna röntgenmyndir af innnyflum manna og torkennilegar kúlur sem fundist hafa í þörmum ferðalanga.

Þá má heldur ekki gleyma því að neyðin kennir naktri konu að spinna. Stundum geta aðstæður verið þannig í þjóðfélaginu að fátt eitt kemur til greina annað en að brjóta lög ef fólk ætlar að lifa af. Þannig gerðu menn ýmislegt á tímum heimstyrjaldarinnar sem þeir hefðu aldrei gert undir venjulegum kringumstæðum. Aðrir nýttu sér hins vegar neyð fólks og græddu á tá og fingri eins og Harry Lime (sem leikinn var af Orson Welles) í kvikmyndinni Þriðja manninum frá 1949. Slíkum atburðum eru gerð góð skil á safninu, ýmist með málverkum og ljósmyndum, með áhrifaríkri sviðsetningu atburðanna. Einn slíkur atburður er sögulegt tóbakssmygl. Þannig vakti flokkur smiða athygli landamæravarða í fyrri heimsstyrjöldinni. Landamæraverðirnir fylgdust lengi með smiðunum sem báru bjálka og önnur tól yfir landamærin. Þeir sáu ekkert athugavert við þá iðju. Samt fundu þeir það á sér að eitthvað var óðruvísi en það átti að vera. Smiðirnir voru margoft stöðvaðir og athugað í vasa þeirra og verkfærakistur, en ekkert fannst. Þá var það að einn landamæravörðurinn rakst í spýtnabúntið sem smiðirnir báru á öxl sér yfir landamærin. Það var eins og við manninn mælt. Efsta borðið rann ofan af hinum eins og kistulok. Bingó, gátan var leyst. Smiðirnir höfðu límt 5 eða 6 borð saman og holað þau að innan. Holuna fylltu þeir síðan með tóbaki sem þeir seldu hinum megin við landamærin og græddu vel á.

Annar atburður og ekki síðri er smjörsmaglið milli Hollands og Belgíu, en milli landanna munaði 3 gyllinum eða u.þ.b. 100 kr. á hvert kíló af smjöri, sem reyndist nóg til að viðskiptin væru



Algengt var að menn skæru út Biblíur til að til nota við smygl á ýmsum varningi.

ábatasöm. Smjörsmaglið viðgekkst frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar og alveg fram til 1969, þegar Efnahagsbandalag Evrópu samræmdi verð á landbúnaðarafurðum. Þessu tímabili hafa hollenskir tollarar líkt við bannárin í Bandaríkjunum þar sem smjórið er í hlutverki viskísins, og má sjá á miðju gólfi safnsins kolsvartan og sundurkotinn Chryslerbil með yfirfullt skott af smjöri. Frægasti eltingarleikur tollara við smjörsmyglara átti sér stað þann 26. október 1957. Klukkan sex um kvöldið veittu tollarar tveim svörtum Chryslerum eftirtekt. Þeir eltu bílana og gáfu þeim merki um að stoppa. Hvorugur bíllinn stoppaði svo tollarar skutu á aftari bifreiðina með þeim afleiðingum að bílstjórinn særðist og bifreiðin hafnaði rétt við helgimynd sem á stóð: Komið til mín. Annar smjörsmyglarinn náðist og fékk nokkurra mánaða fangelsi áður en hann gat haldið áfram fyrri iðju. Hinn slapp yfir landamærin.

Við gengum út af safninu margs vísari um sögu skatta og tolla í Hollandi og sögu mannkyns almennt, og létum svarta salmiakpeninga kitla bragðlaukana. Þetta var eftirminnileg heimsókn, og allt til mikillar fyrirmyndar, bæði alúðlegt viðmót starfsmanna og smekklegt fyrirkomulag safndeilda. Ef eitt-

hvað ætti að gagnrýna væri það helst það að ekki hafi verið lagt enn stærra rými undir þá merku grein mannkynsögunnar sem skattheimta er... Það er framtíðarverkefni.

Á hollensku heitir safnið:

Belasting & Douane Museum

Parklaan 14-16

3016 BB Rotterdam

HOLLAND

Netsíða: [www.belasting-douanemus.nl](http://www.belasting-douanemus.nl)

Það er lokað á mánudögum, en opið aðra daga frá 11-17.

#### Helstu heimildir:

Heimsókn í Skatta- og tollasafnið 10. september 2004, sýningaskrá og viðtal við safnvörð.



## Sífelld bætast við gögn sem forskráð eru á framtal

Rekstraraðili sem er með fyrnanlegar eignir í rekstri sínum þarf að gera grein fyrir þeim í svokallaðri eignaskrá. Þar skal skrá inn heiti eigna, auðkenni, fyrningarflokk, upphaflegt kaupverð, bókfært verð í ársbyrjun og árslok og fyrningarhlutfall ásamt fleiri atriðum. Í sumum tilvikum þarf að færa inn tugi eða jafnvel hundruðir eigna og getur útfylling á fylgiskjalinu því orðið mjög tímafrek. Eignir sem til voru í árslok 2003 hafa nú verið forskráðar, ef eignaskránni var skilað með rafrænum hætti á síðasta ári. Vonast er til að í þessu felist verulegur sparnaður fyrir framteljendur.

Upplýsingar um vaxtagjöld og skuldir við Lífeyrissjóð verzlunarmanna voru núna einnig tilgreindar á sundurlið-unarblaði sem er nýjung. Gert er ráð fyrir að upplýsingar frá fleiri lífeyrissjóðum bætist við á næsta ári. Einnig hefur verið bætt inn á framtal upplýsingum um kaup og sölu ökutækja.

## Uppreiknuð lán - reiknivél

Það hefur löngum þótt flækja framtalsgerðina að þurfa að gera grein fyrir yfirteknum lánum þegar keypt er íbúðarhúsnæði. Greiðsluseðlar lánanna sýna afborgun af nafnverði miðað við upphaflega lánsfjárhæð. Kaupendur þurfa þá að finna nýja afborgun af nafnverði miðað við yfirtökudag. Nú er að finna reiknivél inn á rsk.is sem reiknar þetta út eins og ekkert sé. Þá er það vandamál úr sögunni.

## Rafvæn samvinna!

Embætti ríkisskattstjóra hefur átt góða samvinnu við stofnanir sem það á samleið með við öflun og miðlun upplýsinga til almennings. Það hefur einsett sér að auka við þessa samvinnu í náinni framtíð og nýta sem best samstarfsmöguleika á sviði rafrænnar þjónustu. Þannig er nú til skoðunar að veita einstaklingum og lögaðilum aðgang að eigin upplýsingum hjá öðrum stofnunum í gegnum þjónustusiðu viðkomandi á vef ríkisskattstjóra. Þessi mál eru nú í vinnslu í samvinnu við viðkomandi stofnanir, s.s. Fasteignamat ríkisins, LÍN o.fl.

## Upplýsingatafla RSK

### Staðgreiðsla opinberra gjalda 2005

Skatthlutfall staðgreiðslu	37,73%
Tekjuskattur	24,75%
Útsvar	12,98%
Skatthlutfall barna yngri en 16 ára af launum umfram kr. 96.125	6,00%
Af vöxtum og arði	10,00%
Skattleysismörk tekjuárið 2005	900.732

### Persónuafsláttur frá 1. janúar 2005

í einn mánuð	kr. 28.321
í hálfan mánuð	kr. 14.160
í 14 daga	kr. 13.035
í eina viku	kr. 6.517
Sjómannaafsláttur á dag	kr. 768

### Hámark barnabóta 2005 miðað við heilt ár

Hjón/sambúðarfolk	
- með fyrsta barni	kr. 126.952
- með börnum umfram eitt	kr. 151.114
- ótekjutengd viðbót v/barna yngri en 7 ára	kr. 37.397
Einstæðir foreldrar	
- með fyrsta barni	kr. 211.447
- með börnum umfram eitt	kr. 216.902
- ótekjutengd viðbót v/barna umfram eitt og yngri en 7 ára	kr. 37.397

Barnabætur eru greiddar út 1. feb., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv.

Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald	5,73%
Sérstakt gjald v/sjómanna	6,38%

### Dagpeningar, frádráttur á árinu 2005

<b>Innanlands</b>	
Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	13.100
Fyrir gistingu í eina nótt	7.500
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	5.600
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	2.800

<b>Erlendis</b>	<b>Almennir dagpeningar</b>		<b>Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.</b>	
	<b>Gisting</b>	<b>Annað</b>	<b>Gisting</b>	<b>Annað</b>
London, New York borg,				
Washington DC og Tokyo	SDR 145	110	93	70
Annars staðar	SDR 110	100	70	64

### Akstursfrádráttur, gildir frá 1. janúar

Almennur frádráttur, pr. km:	kr. 62,00
------------------------------	-----------

Sé greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag, skal reikna 15% álag á almennan frádrátt. Sé greitt torfærugjald vegna aksturs utan vega, eða á vegaslóðum sem ekki eru færir fólkshúsum, skal reikna 45% álag á almennan frádrátt.

### Virðisaukaskattur

Almennt skattþrep	24,5%
Sérstakt skattþrep	14,0%

# Fjöldi framteljenda í einstökum skattumdæmum 1991 til 2004



PÁLL  
KOLBEINS

Síðastliðin þrettán ár hefur framteljendum á skattgrunnskrá fjölgað nokkuð. Við álagningu opinberra gjalda einstaklinga árið 1991 voru 193.918 á skattgrunnskrá en við álagningu 2004 voru á skrá 229.665. Fjölgunin er því 35.747, eða 18,4% á síðastliðnum þrettán árum. Mest hefur fjölgað í Reykjanes- og Reykjavíkumumdæmum, en í nærsveitum höfuðborgarsvæðisins, í Suðurlands- og Vesturlandsumdæmum, hefur einnig fjölgað nokkuð á tímabilinu. Á Vestfjörðum, á Norðurlandi vestra og í Vestmannaeyjum hefur hins vegar fækkað.

Skráðum framteljendum fjölgaði mest í Reykjanesumdæmi. Árið 1991 voru þeir 46.596 en 2004 65.005. Þeim hefur því fjölgað um 18.409 á tímabilinu, eða um 39,5%. Næstmest fjölgaði á skattgrunnskrá í Reykjavík. Við álagningu 1991 voru 77.213 skráðir í Reykjavík en við álagningu 2004 92.881, eða 20,3% fleiri en fyrir þrettán árum.

Samtals hefur fjölgað um 34.077 í þessum tveimur skattumdæmum, eða 27,5% á tímabilinu. Árið 1991 voru 63,8% framteljenda skráðir í Reykjavík- og Reykjanesumdæmum en við álagningu 2004 voru 68,7% framteljenda á landinu skráðir til heimilis í þessum tveimur skattumdæmum.

Í nærsveitum höfuðborgarsvæðisins hefur einnig fjölgað á síðustu þrettán árum, mest á Suðurlandi. Við álagningu opinberra gjalda árið 1991 voru 11.420 framteljendur skráðir til heimilis í Suðurlandsumdæmi en við álagningu 2004 voru þeir 13.344 og hefur þeim því fjölgað um 1.924, eða 16,8%. Í Vesturlandsumdæmi fækkaði nokkuð framan af tíunda áratugnum, eða fram til ársins 1998, en hefur síðan fjölgað stöðugt. Árið 1991 voru þar skráðir 10.685 framteljendur en við álagningu 2004 11.067, eða 382 fleiri en árið 1991. Í Vesturlandsumdæmi hefur því fjölgað um 3,6% á tímabilinu. Í Norðurlandsumdæmi eystra hefur einnig fjölgað. Þar voru skráðir til heimilis 19.574 framteljendur árið 1991 en við álagningu 2004 hafði þeim fjölgað um 1.095 og voru 20.669, eða 5,6% fleiri en fyrir þrettán árum.


Framtjelendum á skattskrá hefur aftur á móti fækkað í Vestfjarðaum-

dæmi, Vestmannaeyjum og Norðurlandsumdæmi vestra. Mest hefur fækkað í Vestfjarðaumdæmi en þar voru skráðir 7.245 árið 1991, 1.169 fleiri en voru á skrá í umdæminu við álagningu 2004 en þá voru þeir 6.076. Í Vestfjarðaumdæmi hefur því fækkað um 16,1% á tímabilinu. Í Norðurlandsumdæmi vestra voru 7.687 framteljendur árið 1991 en nú voru þar skráðir 7.265. Framtjelendum í umdæminu hefur því fækkað um 422 á tímabilinu, eða um 5,5%. Í Vestmannaeyjum voru 3.649 framteljendur á skattgrunnskrá árið 1991 en við álagningu 2004 voru þeir 3.313. Framtjelendum í umdæminu hefur því fækkað um 336 á tímabilinu, eða um 9,2%.


Í Austurlandsumdæmi fjölgaði skráðum framteljendum mjög mikið 2004 þannig að þar eru nú fleiri á skrá en fyrir þrettán árum. Við álagningu árið 1991 voru 9.849 skráðir í Austurlandsumdæmi, þeim fækkaði stöðugt framan af tíunda áratugnum og voru orðnir 9.125 við álagningu 2003, 724 færri en árið 1991. 2004 var hins vegar mikil fjölgun í umdæminu eða um 920, sem er 10,1% fjölgun á milli ára. Samanborið við árið 1991 hefur fjölgað í umdæminu um 196, eða 2%. Þar eru nú 10.045 á skattgrunnskrá.



### Breyting á fjölda framteljenda 1991 til 2004



### Hlutfallsleg breyting á fjölda framteljenda 1991 til 2004



# Horft fram á veginn

## Stefna ríkisskattstjóra til



JÓN H.  
STEINGRÍMSSON

Undanfarin misseri hefur farið fram vinna hjá embætti ríkisskattstjóra við mótun stefnu til framtíðar um starfsemi þess og skipulag. Hefur þessi vinna m.a. tengst gerð árangursstjórnunarsamnings milli embættisins og fjármálaráðuneytis sem undirritaður var 26. maí á síðasta ári. Við stefnumótunarvinnuna hefur verið horft til næstu 5 ára, þ.e. áranna 2005-2009 sem jafnframt er samningstími árangursstjórnunarsamningsins. Efni þessarar greinar er að gera grein fyrir hlutverki ríkisskattstjóra, meginatriðum stefnunnar og þeim verkefnum sem lögð verður áhersla á til næstu ára.

### Hlutverk ríkisskattstjóra

Embætti ríkisskattstjóra er miðlægt stjórnvald sem starfar samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Meginhlutverk þess er yfirstjórn skattastjórnsýslu, þ.e. að móta, stýra og hafa eftirlit með störfum skattstjóra, sjá um tæknilega skattframkvæmd og fara með yfirstjórn skatteftirlits. Embættinu eru jafnframt falin ýmis önnur verkefni sem eru þau helst að sjá um álagningu einstakra gjalda, annast fyrirtækjaskráningu og söfnun ársreikninga, eftirlit með greiðslu lífeyrisiðgjalda, fræðslu, upplýsingamiðlun og ráðgjöf.

### Höfuðmarkmið ríkisskattstjóra

Megin niðurstaða stefnumótunarinnar

var að lýsa stefnu embættisins með eftirfarandi sex höfuðmarkmiðum:

- Rétt skattlagning með réttum hætti
- Góð þjónusta við borgarana
- Skattkerfið njóti virðingar
- Öflugt og markvisst skatteftirlit
- Hagkvæmni og öryggi í allri starfsemi
- Hæft starfsfólk með staðgóða þekkingu

Í stuttri grein er ekki unnt að lýsa öllum leiðum að hverju markmiði og því er hér gerð grein fyrir helstu áhersluverkefnum á hverju sviði næstu misserin. Nánar má kynna sér efni stefnunnar á rsk.is.

### Rétt skattlagning með réttum hætti

Eitt af meginverkefnum embættisins er að tryggja samræmda og rétta lagaframkvæmd. Því verkefni er sinnt með faglegri leiðsögn gagnvart borgurunum og skattstjórum og með markvissri og reglulegri miðlun á gildandi réttarreglum og breytingum á þeim.

Áhersluverkefni verða aukning samráðsfunda með skattstjórum og starfsmönnum þeirra, sérstaklega á sviði beinna skatta, að uppfæra handbók um virðisaukaskatt og hefja smíði handbókar um tekjuskatt.

Jafnframt er þýðingarmikið að undirbúningur framtalsvinnu og daglegur rekstur tölvukerfa tryggi markvissa og örugga álagningu.

Áhersluverkefni verða að vinna að fækkun áætlana, sérstaklega á sviði virðisaukaskatts og staðgreiðslu.

### Góð þjónusta við borgarana

Það er sjálfsagt markmið að veita viðskiptavinum skattkerfisins sem besta

þjónustu á hverjum tíma og á undanförunum árum hefur verið unnið markvisst að því að bæta hana, ekki hvað síst með aukinni áherslu á rafræna þjónustu varðandi miðlun og móttöku upplýsinga.

Meðal áhersluverkefna er að auka forskráningu framtalsupplýsinga og er markið sett á að meira en helmingur framteljenda geti innan 5 ára lokið framtalsgerð sinni með litlum eða engum breytingum. Þá verða þróaðar áfram þjónustusíður einstaklinga og lögaðila á vefnum og bætt við þjónustu á þeim s.s. að móttaka og svara fyrirspurnum og kærnum með rafrænum hætti og margt fleira.

### Skattkerfið njóti virðingar

Mikilvægt er að stofnanir skattkerfisins njóti trausts og virðingar, enda yti það undir bæði skilvísi borgaranna og starfsánægju starfsfólks sem hvort tveggja skilar sér í betri skattskilum og þjónustu.

Til að stuðla að þessu ásetur embættið sér að stuðla að því að úrskurðir séu vel rökstuddir, meðalhófs og jafnræðis sé gætt og þannig sé sanngirni höfð að leiðarljósi við ákvarðanir. Stefnt er að því að ráðast í gerð og birtingu þjónustustefnu í samráði við aðrar stofnanir skattkerfisins, halda uppi upplýstri umræðu um skattamál og gera viðhorfskannanir meðal almennings um þjónustu skattkerfisins.

### Öflugt og markvisst skatteftirlit

Sérstök áhersla er á það lögð í stefnunni að efla skatteftirlit á komandi árum en ríkisskattstjóri hefur með höndum yfirstjórn þess og samræmingu og fylg-ist með eftirlitsstörfum skattstjóra.

Unnið verður að endurskipulagningu

# næstu ára


skatteftirlits, mótuð heildstæð stefna fyrir það og framkvæmd hennar skipulögð í samvinnu við skattstjóra. Stefnu-mótun fyrir skatteftirlit verður ákveðin með hliðsjón af því að það sé hlutverk skattyfirvalda að mæta þörfum skilvísra gjaldenda fyrir upplýsingar, leiðbeiningar og aðstoð, veita aðhald þar sem þess er þörf og að gæta jafnræðis með öflugum og markvissu eftirliti með þeim sem ekki hlíta settum skattareglum. Skýr eftirlitsstefna verður mótuð og kynnt á árinu 2005. Þá er m.a. að því stefnt að leggja aukinn þunga í sértækt eftirlit með fyrirtækjum með flókna atvinnustarfsemi og eignatengsl og kanna skattskil stórra fyrirtækja.

## Hagkvæmni og öryggi í allri starfsemi

Jafnan er leitað leiða til að auka skilvirkni og hagkvæmni í starfsemi embættisins og skattkerfisins og er það einn af hornsteinunum í stefnunni. Jafnframt er lögð æ meiri áhersla á öryggi við meðferð upplýsinga og endurspeglast sú áhersla í stefnunni nú.

Ríkisskattstjóri sér um uppbyggingu, rekstur og viðhald upplýsingakerfa skattsins og ber ábyrgð á tæknilegri framþróun þeirra. Jafnframt annast ríkisskattstjóri ýmsar sameiginlegar þarfir skattkerfisins, s.s. rekstur og viðhald vélbúnaðar, sameiginlegt skrifstofukerfi, prentun og dreifingu gagna til viðskiptavina skattsins.

Meðal áhersluverkefna á næstu árum er aukinn sveigjanleiki álagningarferfa, öflugur innri vefur sem upplýsinga- og samskiptaverkfæri starfsmanna, mótun og framkvæmd öryggisstefnu, skilvirk og örugg miðlun upplýsinga, endurskoðun á högun gagna-grunna, að draga stórlega úr dreifingu á pappír, endurskoðun verklags og



lagaramma, árangursmælingar og notkun þeirra til eftirfylgni og úrbóta og aukið alþjóðlegt samtarf og þekkingarmiðlun

## Hæft starfsfólk með staðgóða þekkingu

Síðasti en ekki sísti hornsteinn stefnunnar felst í áherslu á að rækta mannauðinn í starfsemi. Það verður gert með því að móta og þróa skýra starfsmanna- og fræðslustefnu. Í henni verði

lögð áhersla á að greiða samkeppnishæf laun, efla starfsþróun og fjölbreytni verkefna, hafa sveigjanlegan vinnutíma og góða vinnuáðstöðu, setja skýrar samskiptareglur, gera jafnréttisáætlun, styðja við öflugt félagslíf, ráða starfsfólk með viðeigandi menntun og kappkosta góða starfsfræðslu og þekkingarstjórnun.



BJARNI AMBY LÁRUSSON

# Úrskurðir yfirskattanefndar

## Virðisaukaskattsbifreiðir - einkanot. Öflun - fjármögnunarleiga. ÚY nr. 332/2004

Ríkisskattstjóri felldi niður innskatt vegna öflunar, þ.m.t. fjármögnunarleigu, á þremur virðisaukaskattsbifreiðum og lækkaði innskatt vegna rekstrarkostnaðar þeirra vegna áætl- aðra einkanota kæranda. Eftirlitsfulltrúar ríkisskattstjóra sáu bifreiðirnar við heimili eiganda og starfsmanna kæranda og tóku af þeim myndir. Kærandi krafðist þess aðallega að úrskurður ríkisskattstjóra yrði felldur úr gildi en til vara að endurákvörðunin tæki einungis til þess tíma eftir að myndirnar voru teknar og að fjármögnunarleiga yrði meðhöndluð sem rekstrarkostnaður. Kærandi bar því við að um einstaka og tilfallandi atburði hefði verið að ræða.

YSKN féllst ekki á neina af kröfum kæranda og tók fram að fjármögnunarleiga teldist ótvírætt til öflunar í skilningi 7. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt (VSKL) og 1. og 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt.

## Skattskylda lögaðila - sameignarfélag í eigu hjóna. ÚY nr. 358/2004

Ágreiningur í málinu varðaði það hvort telja bæri sameignarfélag í eigu kæranda og eiginkonu hans sjálfstæðan skattaðila eða ekki við álagningu á tekjur ársins 2000. Félagið hafði á árinu 1996 orðið einkaeign þeirra hjóna. Lá fyrir dómur Hæstaréttar um að það gæti ekki borið sjálfstæða skattaðild.

Skattstjóri færði tekjur sameignarfélagsins á framtal kæranda, 50% hjá hvoru hjóna. Kærandi var ósáttur við þessa niðurstöðu og gerði kröfu um að félagið yrði skattlagt sem sjálfstæður aðili. Byggði hann mál sitt á því að á árinu 1997 hefði nýr eigandi orðið aðili að félaginu og þar með hefði staða þess breyst frá því er dómur gekk.

Á þetta féllst YSKN ekki. Hún taldi að skattalegri stöðu yrði ekki snúið við í þessu dæmi og vísaði nefndin til úrskurðafrákvæmdar á þessu sviði, m.a. úrskurðar ríkisskattanefndar nr. 419/1988 og úrskurða YSKN 252/994 og 652/1996. Skattaleg staða sameignarfélags skyldi ákveðast í upphafi og henni yrði ekki breytt nema að því leyti að heimilt er að fella niður sjálfstæða skattaðild. Ekki væri heimilt að endurvekja slíka aðild.

## Skattskyldar tekjur - útleiga íbúðarhúsnæðis, fjármagnstekjur, atvinnurekstur, hagnaðarskyn. ÚY nr. 390/2004

Kærður var úrskurður skattstjóra um endurákvörðun opinberra gjalda kæranda gjaldárin 1999, 2000 og 2001 þar sem

fjármagnstekjur vegna útleigu hluta íbúðarhúsnæðis til einkahlutafélags kæranda voru felldar niður og samsvarandi fjárhæðir færðar til tekna sem atvinnurekstrartekjur í skattframtölum kæranda.

YSKN staðfesti úrskurð skattstjóra og taldi að almennt yrði að telja að útleiga atvinnuhúsnæðis teldist til atvinnurekstrar, ekki sist þegar um væri að tefla útleigu slíks húsnæðis í lengri tíma og ekki ástæða til að ætla annað en að húsnæðið hafi verið leigt út í hagnaðarskyni. Þá var ekki talið að útleigan hefði verið óveruleg að umfangi enda um að ræða reglulega og tiltölulega umfangsmikla útleigu, þó að hún hafi verið tímabundin.

## Endurgreiðsla virðisaukaskatts til opinberra aðila - sérfræðiþjónusta, gerð ársreiknings.

### Markmið lagasetningar.

### Samkeppnissjónarmið. ÚY nr. 397/2004

Sveitarfélag óskaði endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna aðkeyprar þjónustu við gerð ársreiknings. Óumdeilt var að sú þjónusta félli undir hugtakið sérfræðiþjónusta, sbr. 3. mgr. 42. gr. VSKL, og 5. tölul. 12. gr. reglugerðar nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila. Skattstjóri taldi hins vegar að skýra þyrfti ákvæðin með yfirlýstan tilgang þeirra í huga, sem væri að virðisaukaskattur raskaði ekki samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja er ættu í viðskiptum við opinbera aðila sem gætu veitt sjálfum sér þjónustu. Endurgreiðsluréttur opinberra aðila væri nátengdur skyldu þeirra til að skila virðisaukaskatti af þjónustu sem þeir inntu af hendi í eigin þágu. Hvort tveggja byggðist á samkeppnissjónarmiðum. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 248/1990, eftir breytingu samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 287/2003, væri beinlínis kveðið á um að almennt skrifstofuhald, þ.m.t. færsla eigin bókhalds, teldist ekki vera í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Á þeirri forsendu taldi skattstjóri að endurgreiðsluréttur opinberra aðila tæki ekki til aðkeyprar þjónustu við gerð ársreiknings.

Undir það álit skattstjóra tók ríkisskattstjóri í kröfugerð sinni, enda teldist gerð ársreiknings ekki vera í samkeppni við atvinnufyrirtæki eins og samkeppnishugtakið væri skilgreint í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 248/1990. Í því sambandi benti hann á að ársreikningur væri skilgreindur sem hluti bókhalds í 10. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald. Gerð ársreiknings væri þannig hluti af lögboðnum skyldum við færslu bókhalds.

YSKN féllst á kröfu sveitarfélagsins. Í úrskurði nefndarinnar kemur fram að meginmarkmið reglna um skatt-

lagningu innri starfsemi opinberra aðila og um sérstakar endurgreiðslur til þeirra væri að jafna samkeppnisaðstöðu atvinnufyrirtækja gagnvart fyrirtækjum og þjónustudeildum opinberra aðila sem framleiða vörur eða inna af hendi þjónustu til eigin nota. Beri að skýra ákvæði 3. mgr. 42. gr. VSKL og reglugerðar nr. 248/1990 í því ljósi. Jafnframt tiltekur nefndin að varðandi endurgreiðsluákvæðin sé jafnframt til þess að líta að aðdragandi að upphaflegri lagaheimild til endurgreiðslu beri þess merki að henni hafi öðrum þræði verið stefnt að því að draga úr skattgreiðslu opinberra aðila, einkum sveitarfélaga, frá því sem orðið hefði ef einvörðungu hefði verið skattlögð eigin starfsemi þeirra. Vegna framkominna sjónarmiða skattstjóra og ríkisskattstjóra tekur nefndin fram að ákvæði 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 248/1990 hafi í för með sér að opinberum aðilum beri ekki að reikna virðisaukaskatt af slíkum eigin notum sem þar um ræðir, þ.m.t. vegna færslu eigin bókhalds. Á hinn bóginn verði ekki séð að af þessu leiði að ákvæði 2. mgr. 6. gr. girði fyrir endurgreiðslu virðisaukaskatts af aðkeyptri þjónustu sérfræðinga vegna slíkra verkefna, enda fari niðurstaða um endurgreiðsluheimild eftir reglum sem þar um gilda. Telur YSKN samkeppnisrök eindregið hníga að því að endurgreiða beri opinberum aðilum virðisaukaskatt sem þeir greiða af slíkri þjónustu, enda verði markmiðið um jöfnun samkeppnisaðstöðu fyrirtækja sem eiga viðskipti við opinbera aðila á engan hátt náð með gagnstæðri niðurstöðu.

#### **Skattverð - starfsmannamötuneyti, framleiðsluverð, söluverð. Leiðbeiningar ríkisskattstjóra. ÚY nr. 442/2004**

Skattstjóri endurávarðaði virðisaukaskatt vegna starfsmannamötuneytis hlutafélags og miðaði útreikning á skattverði við reiknað framleiðsluverð fæðisins, þ.e. að teknu tilliti til framleiðslukostnaðar þess, þ.m.t. launakostnaðar vegna starfsmanna mötuneytisins, sbr. leiðbeiningar ríkisskattstjóra um virðisaukaskatt af starfsemi starfsmannamötuneyta sem gefnar voru út á árinu 1995, sem skattstjóri vísaði til í þessu sambandi. Umboðsmaður kæranda hélt því fram að leiðbeiningar ríkisskattstjóra hefðu ekki lagastoð en samkvæmt þeim ber að miða skattverð í starfsmannamötuneytum við reiknað framleiðsluverð, sé það hærra en söluverð.

YSKN komst að þeirri niðurstöðu að kæranda hafi borið að telja umrædda sölu í mötuneyti félagsins til skattskyldrar veltu samkvæmt upphafsákvæði 1. mgr. 11. gr. VSKL.

Nefndin taldi einnig að við ákvörðun á skattverði í tilviki kæranda ætti að fara eftir meginreglunni um skattverð sem fram kemur í 7. gr. VSKL og þar sem ekki væri öðru endurgjaldi fyrir að fara, vegna afhents fæðis til starfsmanna kæranda, en greiðslu þeirra sjálfra yrði söluverð fæðis til starfsmanna án virðisaukaskatts talið skattverð. Nefndin tók fram að ákvæði það sem skotið var inn í 2. mgr. 3. gr. VSKL með 2. gr. laga nr. 105/2000 tæki ekki til kæranda enda væri hann ekki opinber aðili. Ákvæðið er svohljóðandi: „Jafnframt skulu ríki, sveitarfélög, stofnanir þeirra og fyrirtæki greiða virðisaukaskatt af framleiðsluverði á mat sem tilreiddur er í mötuneytum þeirra og seldur er starfsmönnum eða öðrum á verði undir framleiðsluverði.“ Nefndin tók þó fram að taka mætti undir þau sjónarmið sem sett voru fram í kröfugerð ríkisskattstjóra að ákvæðið kynni að einhverju leyti að endurspegla sjónarmið er fram kæmu í framangreindum leiðbeiningum ríkisskattstjóra frá árinu 1995. Þó yrði ekki litið framhjá því að um undantekningarákvæði væri að ræða sem fyrst og fremst væri ætlað að taka af öll tvímæli um skattskyldu mötuneyta í eigu ríkis og sveitarfélaga vegna sölu á mat til starfsmanna á verði undir framleiðslukostnaði. Því var ekki talið að umrætt ákvæði 2. gr. laga nr. 105/2000 gæti breytt frangreindri niðurstöðu um ákvörðun skattverðs vegna fæðissölu kæranda.

#### **Endurgreiðsla virðisaukaskatts til opinberra aðila - 6 ára reglan, brottfall endurgreiðsluréttar. Afturvirkni laga. ÚY nr. 28/2005**

Skattstjóri synjaði kæranda um endurgreiðslu vsk vegna kaupa á þjónustu, skv. 3. mgr. 42. gr. VSKL, á þeim forsendum að réttur kæranda væri fallinn niður þar sem umsókn hans hefði borist að liðnum sex árum frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist, sbr. 43. gr. A VSKL sem tók gildi 1. júlí 2002 og 5. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 248/1990.

YSKN hnekkti synjun skattstjóra og sendi endurgreiðslubeiðnirnar til skattstjóra til afgreiðslu að nýju. Nefndin taldi að ákvæði 43. gr. A VSKL yrði ekki beitt með þessum íþyngjandi afturvirka hætti enda gilti skv. viðteknum lögskýringarviðhorfum að lögum verði ekki beitt með slíkum hætti nema þau mæli skýrlega fyrir um það sjálf.

Af úrskurðinum verður ráðið að ákvæði 43. gr. A VSKL, og samsvarandi ákvæðum í einstökum reglugerðum um sérstakar endurgreiðslur virðisaukaskatts, verður ekki beitt um endurgreiðslubeiðnir þar sem endurgreiðsluréttur hefur stofnast fyrir 1. júlí 2002.

GUÐRÚN ÁSTA SIGURÐARDÓTTIR

# Belgía

Samningaviðræðum um tvísköttunarsamning á milli Íslands og Belgíu lauk á árinu 2000 og tók samningurinn gildi þann 1. janúar 2004.

Af því tilefni verður hér gerð grein fyrir helstu skattlagningarreglum sem gilda um heimilisfasta lögaðila og einstaklinga í Belgíu ásamt því að fjalla stuttlega um þær reglur sem gilda um takmarkaða skattskyldu.

Tilgreindar fjárhæðir miðast við gjaldárið 2003. Fjárhæðir eru í evrum (EUR) og var meðalgengi evrunnar á árinu 2003 kr. 86,48.

## Skattar:

Lögaðilar greiða tekjuskatt til ríkisins og tryggingagjald. Einstaklingar greiða tekjuskatt til ríkisins og gjafa- og erfðafjársfatt. Þá greiða launþegar einnig tryggingagjald og skatt til sveitarfélags. Virðisaukaskattur er lagður á sölu á vöru og þjónustu.

## Lögaðilar:

Skattskyldir lögaðilar eru m.a. hlutafélög í almennings- og einkaeign og aðrir aðilar sem stunda viðskipti í hagnaðarskyni. Lögaðili telst heimilisfastur ef hann er skráður í Belgíu eða ef raunveruleg stjórn hans er staðsett þar.

Heimililsfastir lögaðilar eru skattskyldir af öllum tekjum sínum og er tekjuhugtakið vítt og tekur m.a. til söluhagnaðar. Rekstrarkostnaðarhugtakið er líkt því sem er hér á landi - en til rekstrarkostnaðar telst sá kostnaður sem er nauðsynlegur til að afla, tryggja og viðhalda tekjum. Undir rekstrarkostnað fellur ýmis starfsmannatengdur kostnaður, s.s. eftirlaunagreiðslur, heilsu- slysa- og líftryggingar, fæði, bifreiðakostnaður og önnur hlunnindi. Þóknarir eru almennt frádráttarbærar sem og vextir. Ekki má draga frá tekjum lögaðila greiddan arð eða aðra ráðstöfun hagnaðar.

Rekstrartöp má færa á móti tekjum ótímabundið.

Tekjuskattshlutfall lögaðila er 33%, að viðbætti 3% hækkun hlutfallsins vegna álagningar sérstaks sparnaðarskatts. Hlutfallið er lægra ef tekjur eru lægri en EUR 322.500, og er lægst 24,25%.

Arður og önnur úthlutun hagnaðar sætir 25% staðgreiðslu sem gengur upp í væntanlega álagningu.

Skattárið er rekstrarárið. Framtali skal skilað innan frests

sem skattfyrirvöld ákveða. Fresturinn miðast yfirleitt við að skil séu gerð einum mánuði eftir að aðalfundur hefur samþykkt ársreikning en er þó aldrei lengri en sex mánuðir. Skattur er fyrirframgreiddur í 4 greiðslum sem taka mið af álöögðum skatti fyrra árs.

Hægt er að fá bindandi álit frá skattfyrirvöldum. Bindandi álit er ekki hægt að áfrýja/kæra. Ekki er sérstök löggjöf um magra eiginfjármögnun eða CFC.

Tryggingagjald er almennt 32,44% en getur verið breytilegt og miðast þá við eðli starfsins.

Takmörkuð skattskylda hvílir á fyrirtækjum sem stunda viðskipti gegnum fasta starfsstöð í Belgíu. Að meginstofni til gilda sömu skattlagningarreglur fyrir lögaðila sem bera takmarkaða skattskyldu og fyrir lögaðila með fulla og ótakmarkaða skattskyldu. 15% fjármagnstekjuskattur er lagður á vexti, þó eru nokkrar undantekningar frá því.

## Einstaklingar:

Einstaklingur er talinn búsettur í Belgíu ef hann á þar aðalheimili eða miðstöð fjármálaumsvifa hans er þar. Einstaklingur skoðast búsettur þar ef hann er skráður í þjóðskrá. Hjón eru talin búsett í Belgíu ef heimili þeirra er þar.

Hjón eru skattlögð sitt í hvoru lagi.

Tekjum er skipt í fjóra flokka: tekjur af fasteignum; tekjur af lausafé, þar með talinn arður, vextir og höfundarlaun; launatekjur, tekjur af sjálfstæðri starfsemi og lífeyrir; aðrar tekjur. Skattstofninn er samanlagðar tekjur allra flokka að frádregnum heimiluðum frádrætti í hverjum flokki fyrir sig, sbr. hér síðar. Tekjur sem eru undanþegnar skattlagningu eru vaxtatekjur af sérstökum sparnaðarreikningum viðurkenndra fjármálastofnanna, þó að hámarki EUR 1.500.

Launahugtakið er mjög vítt og tekur til alls endurgjalds fyrir vinnu, hvort sem greitt er með peningum eða í fríðu. Verðlitlar gjafir vinnuveitanda til starfsmanns eru þó undanþegnar skattlagningu. Frádráttur er veittur vegna kaupa á hlutabréfum í félaginu sem unnið er fyrir, þó að hámarki EUR 600.

Stjórnarlaun eru skattlögð sem laun. Veiti stjórnarmaður eða fjölskylda hans fyrirtækinu lán eru vextir skattlagðir sem laun.

Söluhagnaður eigna sem ekki tengjast atvinnurekstri er

ekki skattskyldur ef eignarhaldstíminn hefur náð fimm árum.

Frádráttur heimilast í hverjum flokki tekna fyrir sig og er viðmiðið svipað og gildir um rekstrarkostnað lögaðila.

Grunnfrádráttur frá tekjum er EUR 4.610 fyrir hvort hjóna en EUR 5.570 fyrir einstaklinga. Ýmis atriði geta þó haft áhrif á þessa fjárhæð til hækkunar s.s. fjölskyldustærð.

Tekjuskattshlutfallið er stighækkandi 25 - 45% vegna tekna á bilinu EUR 6.480 til EUR 29.740 og er 50% á tekjur þar yfir. Þá eru ýmsar greiðslur skattlagðar sérstaklega frá 15 - 33%, s.s. arður og tryggingagreiðslur sem greiðast í einu lagi. Staðgreiðsla er tekin af arði og annarri hlutdeild í hagnaði, sem og vöxtum. Þá eru launagreiðendur skyldugir til að halda eftir staðgreiðslu af launum sem er bráðabirgðagreiðsla upp í væntanlega álagningu tekjuskatts. Þá er lagt á tryggingagjald, 13,07%, á alla launþega.

Framtölum ber að skila fyrir 30. júní ár hvert og á álagningu að vera lokið eigi síðar en 30. júní næsta ár. Gjald dagi er tveimur mánuðum eftir álagningu.

Reglur um skattlagningu einstaklinga með takmarkaða skattskyldu eru eins og lýst hefur verið hér að framan með þeirri undantekningu þó að skattur til sveitarfélags er 6%.

#### Virðisaukaskattur:

Virðisaukaskattur er lagður á sölu á vöru og þjónustu. Almenn skatthlutfall er 21% en 12% á kol, 6% á matvöru, blöð, tímarit, lyf, vatn, gistipjónustu og fólksflutninga.

Þýtt og endursagt úr European Tax Handbook 2003



SKÓLAVEFUR **rsk.is**

# Hvað þarf ég að vita um skatta?

**Winnur þú  
í fríum?**

**Hvað er  
frítekjumark?**

**Áttu skattkort?**

**Er til  
barnaskattur?**

**Er skattur  
af bílum?**

**Til hvers  
borgar  
maður  
skatta?**

**Kíktu á [rsk.is](http://rsk.is) og smelltu á**



**Á skólavef [rsk.is](http://rsk.is) eru hagnýtar upplýsingar fyrir skólafólk og aðra unglinga**